Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðir bæjarráðs 1937

Aðfnr. 7201


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# SKJALASAFN
**REYKJAVÍKURBÆJAR**

Fundargerðir bæjarráðs

1 9 3 7

.077.5:025.26 ´- .075.11

Aðfnr. 7201

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALA- OG MINJASAFN
72 : 01
REYKJAVÍKURBÆJAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

# F U N D A R G J Ö R Ð I R

# 1 9 3 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 17. desember, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráð fund í skrifstofu sinni.

Fundarefni:

1. Samþykkt að fela borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að gera leigusamning við Bernhard Petersen um lóð við Sellandsstíg með samskonar leigumála og gildir um lóð Tryggva Ólafssonar við Grandaveg.

2. Hafnað tilboði um kaup á húseigninni nr. 6 við Mjóstræti.

3. Lagt fram tilboð frá Þorleifi Helga Eyjólfssyni um kaup á skaðabótakröfu á hendur brunabótafjelagsins Albingía út af bruna hússins nr. 16 við Bergþórugötu.- Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Lögð fram beiðni frá Lúther Hróbjartssyni og Guðmundi Jónssyni um leigu á lóðinni nr. 16 við Bergþórugötu.- Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Lagt fram brjef frá atvinnumálaráðuneytinu þar sem óskað er umsagnar um beiðni Árna Sveinssonar, Siglufirði, um leyfi til að láta söluturninn standa áfram þar sem hann er nú.

6. Ákveðið að fá tillögur bæjarverkfræðings um kaup á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XI.

7. Hafnað tilboði frá Kr. Bergssyni um kaup á húseigninni nr. 4 við Shellveg.

8. Bæjarráð mælir með því við bæjarstjórn, að gerð verði tillaga til dómsmálaráðuneytisins um að sjó- og verzlunardómsmönnum í Reykjavík verði fjölgað upp í 14.

9. Lagt fram brjef frá Stjettafjelagi barnakennara, þar sem skorað er á bæjarstjórn að kaupa barnalesbókasafn Lestrafjelags kvenna.

10. Lagt fram brjef frá stjórn Stjettafjelags barnakennara um hækkun á kaupi stundakennara.- Vísað til launamálanefndar bæjarstjórnar.

11. Samþ. með 3:1 atkv. að fallast á tillögu lögreglustjóra um að taka tilboði frá Ottó Guðjónssyni klæðskerameistara um fatnað handa lögreglunni.

12. <u>Útsvarsmál.</u>

Hermann Bæringsson, Njarð. 33.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.
Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 10. desember, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá stjórn Í S.Í. með tillögu um að bæjarstjórn fái hingað á næsta ári erlendan sjerfræðing til þess að skipuleggja íþróttasvæðið í Nauthólsvíkurlandi.

2. Bæjarverkfræðingi falið að láta skoða húseignina Mjóstræti 6, sem er boðin til sölu.

3. Lagt fram frumvarp að skuldaskilum fyrir Annilíus Jónsson og Þórð Guðmundsson eigendur m. b. Hafþór R.E. 44, en bæjarsjóður stendur í ábyrgð fyrir nokkrum af skuldum þeirra.

4. Bæjarráð getur ekki mælt með beiðni Kristjóns Þorvarðssonar, Hverf. 16 A, um að honum verði greidd uppbót á eftirlaun sín, 100 kr. á mánuði.

5. Synjað beiðni frá Einari G. Skúlasyni um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir láni til kaupa á skurðarvjel.
6. Synjað erindi frá Hans Kottberger, þar sem farið er fram á leyfi til þess að selja leðurvörur á Lækjartorgi.
7. Lögð fram skýrsla um starfsemi Sundhallarinnar í nóvember.
8. Gunnar Jónsson frá Fossvöllum sækir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 9. þ.m.
10. Lagðar fram skýrslur og reikningar Vinnumiðlunarskrifstofunnar í sept.- oktbr.
11. Aðaldælahreppur fer fram á eftirgjöf á helmingi skuldar við bæjarsjóð, sem talin er kr. 522.50. Synjað.
12. Brjefi Sigurðar Benediktssonar, Vest. 33 B, um atvinnubætur vísað til stjórnar Vinnumiðlunarskrifstofunnar.
13. Útsvarsmál:

    Sveinn G. Sveinsson, Bratt. 6, Matthías Þórðarson Von. 8, Pjetur Jónsson, Njg. 15 A, Pappírspokagerðin h/f., Óskar Guðjónsson, Njg. 64, Guðmundur H. Þorláksson, Túng. 18, Ámundi Sigurðsson, Freyj. 39, Árni Hinriksson, Kirkjustr. 8 B, Guðni Árm. Guðnason, Hörp. 9, Sænsk-íslenzka Frystihúsið h/f.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.
Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1937, mánudaginn 6. desember, kl. $2^{30}$ e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram skýrslur og áætlanir um Hitaveitu Reykjavíkur, dags. 2. nóvbr. 1937, eftir bæjarverkfræðing og Helga Sigurðsson verkfræðing.

2. Borgarstjóri skýrði frá utanför sinni og bæjarverkfræðings til London í síðastl. mánuði. Skýrði borgarstjóri svo frá, að hann hafi í utanför sinni rætt við fjármálafirmað Power Securitiers Corporation, Ldt., London, um möguleika fyrir lántöku til þess að leggja 150 til 175 sek. litra hitaveitu frá Reykjum til Reykjavíkur á grundvelli framangreindrar skýrslu og og áætlana svo og skýrslu verkfræðingafirmans Meik & Halcrow London, dags. 7. sept. s.l. - og hefir hann fengið tilboð frá firmanu um lán til framkvæmdanna, að upphæð £215000-0-0, og vilyrði um viðbótarlán til þess að fullgera áætlaða hitaveitu fyrir allan bæinn. Skýrði lánstilboðið nánar í einstökum atriðum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 3. desbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráð fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XI fyrir kr. 8100.-. Hafnað.

2. Samþ. að gera lóðarleigusamning um lóðina Auðarstræti 13 við Ellert Magnússon, Skeggjagötu 13, en jafnframt afsalar Elías Hjörleifsson, Njálsg. 94, sjer rjetti til lóðarinnar.

3. Bráðabirgða- undirbúningsnefnd fyrir þáttöku í heimssýningunni í New-York 1939 fer fram á fjárstyrk úr bæjarsjóði Reykjavíkur til þáttöku Íslands í sýningunni.
Ákvörðun frestað.

4. Bjarni Bjarnason, Laugavegi 11, sækir um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir allt að 10 þús. króna láni til kaupa á m.b. Diddó R.E. 74. Bæjarráð telur ekki fært að mæla með beiðninni.

5. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 2. þ.m.

6. Samþ. að fjölga í atvinnubótavinnu frá næstk. fimmtudegi upp í í 450 manns, að meðtalinni vinnu fyrir einhleypa menn, enda komi aukaframlag frá ríkissjóði fyrir kostnaði við vinnu 75 manna eða helmingi samþykktrar fjölgunar.

7. <u>Útsvarsmál:</u>

Guðjón Vigfússon, e/s. Lagarfoss, Ingvar Jónsson, Brávallag.10, Friðrik Magnússon, Grund. 11, Dagný Júlíusdóttir, Túng. 6, Júlíus Guðmundsson, Túng. 6, Viggó Bjerg, Sólv. 4, Skúli Sivertsen, Barónsstíg 57, Sigurjón Einarsson, Óð. 17, Ólafur Einarsson, Vest. 53 B, Jóhann Elíasson, Óð. 23, Baldvin Halldórsson, Þorsg. 8, Sigurgeir Jónsso n, Baugsvegi 30, Björn Ó lafsson, Sólv. 32, Guðm. Björnsson, db., Amt. 1, Bogi Brynjólfsson, Rán. 1, Pjetur Ketilsson, Baugsvegi 7, Felix Sigurbjarnarson, Sogabl. 7, Jón Sigurðsson, db., Lnv. 38, Jóhann Magnússon, Sólv. 13.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jakob Möller. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 26. nóvbr.,kl. 5 e. h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð felur Guðmundi Ásbjörnssyni og Guðmundi Oddssyni að semja fyrir sína hönd, ásamt rafmagnsstjóra, við raftækja einkasöluna um afborgunar fyrirkomulag við sölu rafsuðuvjela til bæjarbúa, og veitir þeim fullt umboð til þess að ganga frá samningum.

2. Lagt fram yfirlit um kostnað við virkjun Sogsins pr. 31. oktbr 1937.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbl. XIX fyrir kr. 500.-. Hafnað.

4. Lögð fram skýrsla um starfsemi barnaheimilisins Vorboðinn síðastl. sumar.

5. Lagt fram brjef frá lögmanninum í Reykjavík , dags. 17. þ.m., þar sem hann óskar þess, að bæjarstjórn geri tillögu til dómsmálaráðuneytisins um að tveir nafngreindir menn verði skipaðir sjó- og verzlunardómsmenn frá 1. jan. næstk., auk þeirra, sem bæjarstjórn hefir þegar tilnefnt. Vísað til bæjarstjórnar.

6. Lagt fram brjef frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkur, dags. 25. þ.m. þar sem tilkyntar eru ályktanir sem gerðar voru á fundi í fjelaginu 23. þ.m. viðvíkjandi launamálum starfsmanna bæjarins.

7. Lagt fram brjef frá sama fjelagi, dags. 26. þ.m., þar sem tilkynt er ályktun sem var samþykkt á fjelagsfundi 23. þ.m. þess efnis að bæjarstjórn samþykki launauppbót til starfsmanna bæjarins, sem var farið fram á í brjefi fjelagsins, dags. 12. ágúst s.l., þó með nokkrum breytingum.
   Báðum brjefunum vísað til launamálanefndar bæjarstjórnarinnar.

8. Samþ. að taka tilboði Róberts Þorbjörnssonar um sölu á brauðum til matgjafa í barnaskólunum nú í vetur.

9. Lagt fram brjef atvinnumálaráðuneytisins, dags. 23. þ.m., viðv. framlagi úr ríkissjóði til atvinnubóta fyrir einhleypa menn.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 25. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson

Jakob Möller. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 19. nóvbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leigja Bernhard Petersen lóðirnar nr. 40 og 42 við Sellandsstíg til viðbótar leigulóð hans nr. 44, enda sje lóðunum óráðstafað.
2. Beiðni Ulrich Richters um lóðina nr. 41 við Holtsgötu til þess að flytja þangað húsið nr. 27 við Bræðraborgarstíg, ef úr kaupum verður, vísað til bæjarverkfræðings og byggingarnefndar til afgreiðslu.
3. Samþ. að gera lóðarleigusamning við Valdimar Þorsteinsson um lóðina nr. 4 við Skarphjeðinsgötu, en Helgi Guðmundsson hefir afsalað sjer rjetti til lóðarinnar.
4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 90 við Njálsgötu við Harald Sigurðsson, Bar. 43, einan, eftir beiðni Ólafar Ingvarsdóttur.
5. Samþ. að gefa Þorkeli Ingibergssyni,Egilsgötu 14, kost á leigulóðinni nr. 65 við Hringbraut.
6. Samþ. að gefa Jóhanni Kristjánssyni, Bráv. 28, kost á leigulóðinni Vífilsgötu 7.
7. Erindi Knattspyrnufjelagsins Fram um leyfi til þess, að nota svæðið sunnan Sundhallarinnar, en austan við Barónsstíg, fyrir æfingarvöll vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að bifreiðaumferð verði bönnuð niður Bjargarstíg á milli Óðinsgötu og Bergstaðastrætis.
9. Bæjarráð synjar enn beiðni Magnúsar Brynjólfssonar um leyfi til þess að leggja vatn í húsið Fossvogsbl. LIV.
10. Brjef lögreglustjórans, dags. 18. þ.m., um að rifnir verði skúrar, sem bæjarsjóður á við norðurvegg fangahússgirðingarinnar, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
11. Samþ. að veita Jóni Kr. Sveinssyni starfsmanni raftækjaverzl. Ljósafoss ( Ingólfs Bjarnasonar) löggildingu sem rafvirkja við lágspennuveitur.
12. Mæðiveikisnefnd leggur til að bæjarstjórn banni allt sauðfjárhald innan takmarka höfuðstaðarins. Bæjarráð vill ekki sinna erindinu.
13. Lögð fram tillaga frá fulltrúum Alþfl., sem vísað var til bæjarráð á fundi bæjarstjórnar í gær, um atvinnubætur fyrir einhleypa verkamenn. Borgarritara falið að spyrjast fyrir um, hvort ríkisstjórnin muni vilja leggja fram helming kostnaðar við slíkar auknar atvinnubætur.
14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 18. þ.m.
15. Lagt fram brjef verkamannafjelagsins Dagsbrún, dags. 18. þ.m., þar sem tilkynntar eru ályktanir, sem voru samþykktar á fundi fjelagsins 12. þ.m. um að fjölga í atvinnubótavinnu og áætla meira fje í því skyni í fjárhagsáætlun næsta árs, en gert hefir verið undanfarið.
16. Samþ. að leyfa Magnúsi Sigurðssyni að byggja bílskúr úr timbri á erfðafestulandinu Laugarásbletti XX.
17. Lagðar fram skýrslur Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um starfsemina í febr. - oktbr. þ.á.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller.

Stefán Joh. Stefánsson
Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1937, föstudaginn 12. nóvbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Magnúsi Jónssyni, Bar, 49, kost á leigulóðinni nr. 2 við Skarphjeðinsgötu, en Gísli Halldórsson afsalar sjer jafnframt rjetti til lóðarinnar.

2. Samþ. að gefa Bernhard Petersen, Öld. 19, kost á lóðinni nr. 48 við Sellandsstíg en Diðrik Helgason afsalar sjer jafnframt rjetti til lóðarinnar.

3. Hafnað tilboði Árna Sveinssonar um að bæjarsjóður kaupi Söluturninn.

4. Bæjarráð neitar að greiða Atla Eiríkssyni skaðabætur kr. 5826.65 vegna þess að tekinn var af honum rjettur leigulóðarinnar Hringbraut 78.

5. Símon Sveinsson sækir um 3 ha. af Vatnsmýrarbl. I til leigu. Synjað.

6. Bæjarráð vill fallast á að vatnsæð verði lögð í Laugarásveginn, enda samþykki erfðafestuhafar sem taka vatn úr æðinni, að erfðafestugjald af löndum þeirra hækki um 5% af brunabótaverði íbúðarhúsa á löndunum.

7. Erindi Sjóklæðagerðarinnar h/f. viðvíkjandi byggingu á lóð fjelagsins við Reykjavíkurveg vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

8. Synjað beiðni Magnúsar Brynjólfssonar um leyfi til þess að leiða vatn að húsi hans á Fossvogsbletti LIV þar sem húsið er reist óleyfilega.

9. Lagt fram brjef byggingarfulltrúa dags. í dag viðvíkjandi óleyfilegum byggingum í Fossvogi.

10. Rafmagnsstjóri skýrði frá samningaumleitunum við raftækjaeinkasölu ríkisins um sölu á rafmagnseldavjelum til bæjarbúa með afborgunarkaupsamningum.

11. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið tilkynnir með brjefi, dags. 5. þ.m , að ráðuneytið hafi 1. þ.m. staðfest gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem var samþykkt á bæjarstjórnarfundi 21. f.m.

13. Lögð fram fundargerð sameiginlegs fundar skólanefnda barnaskólanna 11. þ.m. þar sem rætt var um mjólkur og lýsisgjafir í skólunum. Bæjarráð samþykkti aðaltillögu nefndanna um að láta öllum börnum í skólunum í tje ókeypis mjólk, en að öðru leyti var borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 11. þ.m.

14. Lögð fram útskrift hæstarjettardóms 23. f.m. í máli bæjarsjóðs gegn Jóni Sigurjónssyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í október.

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga frá borgarstjóra:

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn skipi 3 bæjarfulltrúa í nefnd til þess að rannsaka launakjör og önnur starfskjör starfsmanna bæjarins og bæjarstofnana og gera frv. að nýrri, ítarlegri launasamþykkt, er leggist fyrir bæjarstjórn.
Nefndin skal óska eftir rökstuddum tillögum frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar, og forstöðumönnum bæjarstofnana um þessi mál áður en hún skilar áliti sínu.

Jón A. Pjetursson bar fram svohlj. tillögu:

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Starfsmannafjelag Reykjavíkurbæjar um kaup starfsmanna bæjarins fyrir árið 1937 og verða á þann hátt við erindi Starfsmannafjelagsins frá 20. septbr. síðastl.

Tillaga borgarstjóra var samþykkt en tillaga Jóns A. Pjeturssonar felld með 3:2 atkv.

17. Útsvarsmál:

Fr. Steinholt, Lauf. 2, Árni Sigurðsson, Grjót. 5, Ingvar Einarsson, vjelstjóri, c/o Eimskip.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 5. nóvember, kl. 5. e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram frv. að samningi milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurkaupstaðar um raforkuveitu til Hafnarfjarðar. Bæjarráð samþykkir frv. fyrir sitt leyti og felur rafmagnsstjóra að fylgjast með samningaumleitunum á milli Hafnarfjarðar og Útvegsbankans um bæjarkerfið í Hafnarfirði.

2. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að taka tilboði frá Vigfúsi Sigurðssyni o. fl. um byggingu aðveitustöðvar í Hafnarfirði fyrir kr. 3000.- og spennistöðvar við Vífilsstaði fyrir kr. 2070.oo, en báðar stöðvarnar eru þættir í raforkuveitunni frá Elliðaárstöðinni til Hafnarfjarðar.

3. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um brjef rafvirkjafjelags Reykjavíkur, dags. 14. sept. síðastl., þar sem kvartað er yfir að meiri hluti starfsmanna Rafmagnsveitunnar er vinna rafvirkjastörf, muni ekki hafa iðnrjettindi. Sömuleiðis umsögn rafmagnsstjóra um kæru rafvirkjafjelagsins til lögreglustjórans um sama efni. Málefni þessi falin rafmagnsstjóra til meðferðar.

4. Lagt fram brjef Þorbjarnar Jónssonar, Egilsgötu 28, viðvíkjandi grjótkaupum af ræktunarlöndum bæjarins.

5. Guðm. Guðmundsson, lögfr., býður húseignina nr. 6 við Mjóstræti til sölu. Falið borgarritara til athugunar.

6. Forstöðumenn stofnana og skrifstofa í Arnarhváli óska þess að bannað verði að geyma kol á lóðunum neðanvert við Ingólfsstræti gegnt skrifstofubyggingunni. Vísað til hafnarstjórnar.

7. Lestrarfjelag kvenna tilkynnir að þar geti ekki starfrækt barnalesstofu áfram og býður gögn lesstofunnar með ca. 600 bókabindum til kaups fyrir 1000 krónur.

8. Lagt fram brjef Ólafs Bjarnasonar, Framnesvegi 10 A, þar sem hann beiðist þess, að bæjarsjóður bæti tjón er varð á bifreið hans R.E. 11 er henni var ekið í þjónustu lögreglunnar aðfaranótt 2. maí síðastl. Erindinu synjað.

9. Lárus Jóhannesson, hrm. f.h. eiganda hússins Hafnarstræti 15, spyrst fyrir um, hvort veitingastarfsemi sje með öllu bönnuð í húsnæðinu þar sem Reykjavíkur Bar var áður. Bæjarráð lítur svo á að það sje á valdi þess, í umboði bæjarstjórnar, að segja til um hverskonar veitingar megi hafa um hönd í þessu húsnæði sem öðrum veitingastöðum í bænum.

10. Synjað með 2:1 atkv. beiðni dánarbús Júlíusar Kolbeins um að mega hafa pylsuvagn á Lækjartorgi á meðan að búskiftin standa yfir.

11. Knattspyrnufjelag Reykjavíkur sækir um styrk úr bæjarsjóði til þess að standast halla, er fjelagið varð fyrir af komu sænsku íþróttamannanna hingað í sumar. Erindið verður látið bíða fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 4. þ.m.

13. Lagðar fram tillögur um atvinnubætur sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 4. þ.m.

14. Lagt fram brjef atvinnuleysisnefndar verkamannafjel. Dagsbrún með kröfum um fjölgun manna í atvinnubótavinnu.

15. Sigurbjörn Maríusson tilkynnir að hann geti ekki staðið við tilboð sitt um kaup á húsinu Bræðraborgarstíg 27.

16. Samþ. að leigja Sigurjóni Pjeturssyni gjldk. lóðirnar nr. 45 og 47 við Víðimel, en Haraldur Guðmundsson afsalar sjer jafnframt rjetti til þeirra.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. Jon Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 29. október, kl. 5 e. h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Vilhjálms H. Jóhannessonar um leyfi til þess að byggja hænsnahús á erfðafestulandinu Fossvogsbl. XLVIII.
2. Lögð fram matsgerð lóðamatsnefndar á leigu eftir lóð h/f. Pípuverksmiðjunnar við Þvergötu.
3. Lagt fram eftirrit af brjefi frá Lárusi Jóhannessyni hrm. vegna Helga Eiríkssonar og Einars Eiríkssonar til lögreglustjórans, dags. 23. þ.m., varðandi lokun veitingastofunnar Reykjavíkur Bar.
4. Erindi póst-og símamálastjóra með tveimur brjefum frá h/f. Strætisvagnar Reykjavíkur þar sem farið er fram á að bæjarstjórnin samþykki nokkrar breytingar á áætlunarferðum fjelagsins. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
5. Bæjarverkfræðingi falið að láta undirbúa endurskoðun leigumála erfðaleigulanda bæjarsjóðs samkv. jarðræktarlögum 1936.
6. Dánarbú Júlíusar Kolbeins sækir um leyfi til að selja úr pylsuvagni, er hann átti á Lækjartorgi á meðan búið er undir skiftum. Falið borgarstjóra til athugunar.
7. Samþ. frv. að leigusamningi um land landsmálafjelagsins Varðar til mannfunda og útiskemtana úr Gufuneslandi.
8. Bæjarráðið samþykkir tilmæli stúdentaráðs Háskólans um að háskólastúdentar geti fengið keypt mánaðarkort að Sundhöllinni fyrir 5 krónur, en í þess stað falli niður rjettur þeirra til ókeypis aðgangs vikulega, sem skólanemendur njóta skv. lögum. Háskólaráðið hefir mælt með þessari breytingu.
9. Lögð fram fundargjörð heilbrigðisnefndar 20. þ.m.
10. Lagt fram brjef lögreglustjórans, dags. 26. þ.m., um kaup á einkennisfatnaði lögregluþjóna næsta ár.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 28. þ.m.
12. Bæjarráð samþykkir að reka megi veitingar í Hafnarhúsinu nýja.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. — Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller. — Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 22. oktbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Bæjarverkfræðingi falið að ráðstafa leigulóðunum nr. 18 og 20 við Karlagötu, en Gissur Sigurðsson hefir afsalað sjer leigurjetti að lóðunum.

2. Samþ. að leyfa Páli Magnússyni, Berg. 4 , að setja kvist er kosti allt að 350 kr. á þak hússins á erfðafestulandinu Norðurmýrarbl. XXIII.

3. Samþ. að fiskhús Jóns Magnússonar og Ingimundar Jónssonar á Selsgranda megi standa áfram um óákveðinn tíma gegn 300 kr. árgjaldi, enda verði húsin rifin eða flutt bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar er krafist verður.

4. Synjað beiðni Lofts G. Hjartar um að breyta leigusamningi um lóðina nr. 2 við Lágholtsstíg, dags. 10. marz 1932.

5. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 21. þ.m.

6. Lagt fram brjef Barnavinafjelagsins Sumargjöf þar sem fjelagið býður bæjarstjórn afnot af húsi fjelagsins Vesturborg nú á komandi vetri.

7. Lagt fram brjef frá Kristni Friðrikssyni, bifreiðastöðinni Heklu, viðvíkjandi útsvarsskuldum hans. Falið borgarritara.

8. Bæjarráð mælir með því að Guðmundi Þorsteinssyni, Óð. 32, verði veitt uppreist æru.

9. Bæjarráð samþ. að Jón Sveinsson, Brekk. 6A, fái leyfi til þess að hafa pylsuvagn á Lækjartorgi með sömu skilmálum og Júlíus sál. Kolbeins hafði leyfið áður.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. | Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller. | Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð

Ár 1937, föstudaginn 15. okt., kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXVII fyrir kr. 900.oo. Hafnað.

2. Samþ. að breyta mörkum milli erfðafestulandanna Laugamýrarbl. X og XIII, samkv. framlögðum uppdrætti.

3. Umsókn Tómasar Tómassonar um leigulóðirnar nr. 10 og 12 við Skarphéðinsgötu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Lögð fram beiðni frá Kára Sigurðssyni um að leigusamningur um lóðina nr. 11 við Mánagötu verði gerður við Ragnar Hjörleifsson. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Lagt fram bréf atvinnumálaráðuneytisins um stað fyrir flugvöll í Vatnsmýrinni. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Samþ. að skipta erfðafestulandinu Þvottalaugabletti V í tvö erfðafestulönd, V A og V B, og kaupa land undir veg af Þvottalaugabl. IV og V.

7. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra um stæði fyrir bifreiðar o.fl

8. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, þar sem hann fer þess á leit að bæjarráðið tilnefni tvo menn til þess að vinna með sér að tillögum til breytinga á lögreglusamþykktinni. Samþ. að fela Bjarna Benediktssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni að ganga í nefnd með lögreglustjóranum í þessu skyni.

9. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 11. þ. m.

10. Lagt fram bréf atvinnumálaráðuneytisins, þar sem það tilkynnir, að það hafi skipað Vilhjálm S. Vilhjálmsson blaðamann, til þess að hafa framkvæmdir af hálfu ráðuneytisins um atvinnubætur og fræðslu ungra manna. Samþ. að skipa Björn Snæbjörnsson bókara af hálfu bæjarins.

11. Lagt fram bréf sama ráðuneytis viðvíkjandi framlagi ríkissjóðs til atvinnubóta.

12. Lagt fram bréf barnaverndarnefndar, ásamt tilboði Th. Johnson um að gefa kost á jörðinni Hjarðarholt í Dölum sem setri undir heimili fyrir afbrota- og vandræðabörn.

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

14. Lögð fram skýrsla um rekstur sundhallarinnar í september.

15. Lagt fram frumvarp að gjaldskrá fyrir rafmagnsveituna frá rafmagnsstjóra. - Ákveðið að láta fjölrita frumvarpið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

Pétur Halldórsson Guðm. Ásbjörnsson Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð.

---

Ár 1937, föstudaginn 8. október, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Hússtjórn Góðtemplara fer fram á að reglunni verði ætluð lóð undir væntanlega húsbyggingu við Ingólfsstræti og Sölvhólsgötu. Bæjarráð vill verða við erindinu og felur borgarstjóra að leita samninga við Hafnarstjóra um kaup á lóðinni.
2. Bandalag íslenzkra listamanna biður um lóð í Skólavörðuholtinu til þess að reisa sýningarhús.
3. Fiskimálanefnd æskir þess, að bæjarsjóður kosti lagfæringu á landi undir fiskhjöllum nefndarinnar á Bústaðaholtinu. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
4. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 1. þ.m., viðvíkjandi sölu á rafmagnseldavjelum.
5. Lagt fram brjef frá A/S. Höjgaard og Schultz, þar sem firmað býður bæjarsjóði til kaups nokkur hús við Ljósafoss.
6. Lagt fram brjef lögreglustjóra ásamt úrskurði fógetarjettar Reykjavíkur 5. þ.m. þess efnis að veitingar megi reka í húsakynnum Reykjavíkurbars í Hafnarstræti 15. Málinu vísað til bæjarstjórnar.
7. Lagt fram brjef frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar, dags. 2. þ.m., með samkomulagi sem varð 1. þ.m. á milli fjelagsins og stjórnar verkamannafjelagsins " Dagsbrún" um lausn svonefndrar koladeilu.
8. Synjað beiðni Jóhanns Karlssonar um leyfi til þess að selja smurt brauð frá vagni á Lækjartorgi.
9. Erindi Páls Pálmasonar o.fl. viðvíkjandi umbótum á Skálholtsstíg og Bjargarstíg vísað til bæjarverkfræðings.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 7. þ.m.
11. Jón H. Friðriksson, Vest. 16, sækir um meðmæli með því að hann fái veitingaleyfi.
12. Forstjóri Sundhallarinnar telur þörf fyrir að bæta einum sundkennara við starfslið Sundhallarinnar nú í vetur. Borgarstjóra falið að ráða mann til starfsins.
13. Lögð fram tilkynning byggingarfulltrúa um óleyfilegar byggingar í Fossvogi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Eiríksson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 1. október, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráð fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXXV fyrir 15.000.00. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Leynimýrarbl. I ( 1/3 hluta)fyrir kr. 6000.00. Hafnað .

3. Lögð fram skýrsla frá Guðjóni B. Guðlaugssyni um starf hans sem eftirlitsmanns við baðstaðinn í Skerjafirði júlí -ágúst þ.á.

4. Lögð fram skýrsla Björns Snæbjörnssonar og Vilhj. S. Vilhjálmssonar um námskeið og atvinnubætur fyrir unglinga síðastl. vetur.

5. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 30. f.m.

6. Samþ. að leyfa veitingar í húsnæðinu á Vesturgötu 29.

7. Synjað erindi Guðmundar Gunnlaugssonar, Leifsgötu 16, um bætur vegna þess hvernig leyft hefir verið að byggja á lóðinni nr.18 við Leifsgötu.

8. Lagðar fram tillögur undirnefndar bæjarráðs um rafmagnstaxta í Reykjavík. Tillögurnar voru ræddar ítarlega, en ekki gerð fullnaðarákvörðun.
Rafmagnsstjóra falið að gera viðaukatillögur um hitunartaxta.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Oddsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 24. septbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni Gísla Þorsteinssonar, Rán. 29, um land til loðdýraræktar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXVII fyrir 3000 kr.. Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu landinu Þvottalaugabletti XXIX fyrir kr. 8350.oo.- Bæjarráð samþykkir að erfðafestulandið verði óskift sameign seljanda, Sig. Jónssonar, og kaupanda, Sigurðar Ásmundssonar.

4. Borgarstjóra heimilað að semja um kaup á öllu erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. I á grundvelli, sem lagður er í brjefi erfðafestuhafanna, dags. 23. þ.m.
5. Olíuverzlun Íslands h/f. segir upp leigusamningi um húsnæði í frönsku húsunum við Skúlagötu frá næstu áramótum.
6. Lagt fram erindi frá Samb.ísl. samvinnufjelaga, dags. 13. þ.m., viðvíkjandi endurgreiðslu úr bæjarsjóði fyrir vatns- og skolplögn í Sölvhólsgötu, svo og umsögn bæjarverkfræðings um erindið. Samþ. að senda S.Í. S. umsögn verkfræðingsins.
7. Erindi Guðm. Gunnlaugssonar, Leifsgötu 16, um bætur vegna byggingar á lóðinni nr. 18 við sömu götu vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
8. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið samþykkir að láta af hendi 40,5 ferm. af hegningarhúslóðinni undir Veghúsastíg gegn því að bærinn láti steypa í skarð sem verður er skúr verður rifinn, sem er þar nú.
9. Samþ. að gefa Steingr. Jónatanssyni og Torfa Guðbjörnssyni kost á leigulóðunum nr. 5 og 7 við Karlagötu.

10. Lagt fram erindi nokkurra húseigenda við Bergþórugötu um að þeir fái vatn frá Hitaveitunni þann tíma árs, sem vatn er afgangs, ásamt umsögn Helga Sigurðssonar verkfræðings. Ákvörðun frestað.

11. Lagt fram brjef frá stjórn Starfsmannafjelags Reykjavíkurbæjar þar sem þess er óskað að bæjarráðið viðurkenni fjelagið formlega sem samningsaðila fyrir hönd fastra starfsmanna bæjarins um þau mál, er varða launakjör þeirra og önnur skyld mál.
12. Samþ. að mæla með beiðni Magnúsar Jónssonar, Garð.19 , um meðmæli með því að hann fái veitingaleyfi.
13. Áfengisvarnarnefnd skorar á bæjarstjórn að stuðla að því, að veitingastofa verði ekki opnuð aftur þar sem Reykjavíkur Bar hefir verið undanfarin ár.
14. Húsmæðrafjelag Reykjavíkur skorar á bæjarstjórn að taka til athugunar á hvern hátt styrkja megi bændur í lögsagnarumdæminu til framleiðslu nýmjólkur sem sje seld beint til neytenda.
15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfsemi í ágúst mán. svo og reikningur skrifstofunnar.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 23. þ.m.
17. Bæjarráð gerði svofellda ályktun:

    Út af framkomnum erindum frá ýmsum starfsmönnum bæjarins og frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkur um kjarabætur þeim til handa, ályktar bæjarráðið að gera það kunnugt, að það mun ekki taka neina ákvörðun um þessi erindi, fyr en felldar eru niður allar tilraunir til þess að hafa áhrif á úrlausn þeirra með þvingunarráðstöfunum.

    Ályktunin gerð með 3:2 atkv.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Stefán Joh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson. Jakob Möller. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 17. septbr. kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XIV fyrir 2000 kr. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti 4 fyrir 1200Ckr. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti 20 fyrir 11000 kr. Hafnað.

4. Guðbirni Ásmundssyni leyft að nota íbúðarskúr sem er á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXX fyrir hænsnaskúr.

5. Bæjarráð synjar skiftingu á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbl.IX.

6. Erindi Páls G. Þormar, Norðfirði, um byggingu refagirðingar á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXXII tekið fyrir á ný og að fengnum nýjum upplýsingum vill bæjarráð verða við beiðninni. Hinsvegar er enn synjað beiðni um byggingu fjóss og hlöðu á erfðafestulandinu.

7. H/f. " Shell" á Íslandi sækir um leyfi til þess að setja niður neðanjarðarbenzingeymi við hús h/f. Strætisvagnar Reykjavíkur, Hringbraut 56. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti.

8. Borgarstjóra heimilað að kaupa undir götur 143.6 ferm. af lóðinni Vesturgötu 51 fyrir fasteignamatsverð kr. 13.00 pr. ferm.

9. Lagt fram brjef frá Rafvirkjafjelagi Reykjavíkur þar sem krafa er gerð um, að óiðnlærðir menn vinni ekki hjá Rafmagnsveitunni við rafvirkjastörf.

10. Tannlækni barnaskólanna heimilað að ráða Engilbert Guðmundsson sem aðstoðartannlækni við barnaskólana nú í vetur með sömu kjörum sem Rafn Jónsson naut síðastl. skólaár.

11. Synjað lánsbeiðni Axels Guðmundssonar, Laugavegi 71.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 10. þ.m.

13. Útsvarsmál:
Josef Fetzmann,Hótel Ísland, Anna Gunnlaugsdóttir, Vest. 22, Oktavía Guðjónsdóttir, Vest. 22, Jón Gissurarson, Hvg. 91, Karl Finnsson, Vífilsgötu 19, Pjetur Þórðarson, Hringbr. 148, Laufey S. Eggertsdóttir, Þórsg. 4, Sveinbjörn Friðfinnsson, Hringbr. 196, Axel Smith, Eiríksgötu 11, Sigurður Þorvarðsson, Reykjavíkurvegi 31, Jón Bogason, Garð. 33, Oddsteinn Árnason, Gertt. 19 B.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 10. septbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Frestað að taka ákvörðun um tillögur um rafmagnsverð vegna fjarveru Guðm. Oddssonar og eftir tilmælum hans. Gert ráð fyrir að halda aukafund um málið fyrir næsta bæjarstjórnarfund.
2. Svofelld ályktun gerð:
   Bæjarráð skorar á ríkisstjórnina að veita eða útvega Rafmagnsveitu Reykjavíkur leyfi til þess fyrst um sinn að flytja inn og selja bæjarbúum nauðsynleg tæki til eldunar og upphitunar, svo unnt verði að nota sem allra best þá orkuaukningu, sem Rafmagnsveitan fær við virkjun Sogsins.
3. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að veita Einari Bachmann löggildingu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitur í Reykjavík, í því skyni að hann annist gæzlu, viðhald og aðrar lagningu á raflögnum í Landakotsspítala.
4. Hafnað til-boði dánarbús Guðrúnar Jónsdóttur um sölu á húseigninni nr. 5 A við Tjarnargötu.
5. Samþ. að gefa Valdimar Stefánssyni, Lvg. 67, kost á leigulóðinni Leifsgötu 11, en Ársæll Jónsson afsalar sjer rjettindum til lóðarinnar.
6. Lögð fram skýrsla um starfsemi Sundhallarinnar í Ágústmánuði.
7. Samþ. húsnæði fyrir veitingasölu á Laugavegi 23.
8. Samþ. að veita Gesti Hannessyni, Grund. 4, og Richard Eiríkssyni, Sólv. 35, löggildingu sem vatnsvirkjum.
9. Synjað beiðni Páls Þormars um leyfi til þess að byggja fjós og hlöðu á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXII. Sömuleiðis synjað um leyfi bæjarstjórnar til þess að stofna refabú á landinu.
10. Bæjarverkfræðingi falið að úthluta nokkrum byggingarlóðum, 7 lóðum á Melunum og 3 í Norðurmýri.
11. Synjað erindi skólalæknanna um að þóknun til þeirra verði hækkuð.
12. Anker Jörgensen, Grett. 65, óskar eftir meðmælum til þess að reka veitingasölu. Vísað til bæjarstjórnar.
13. Samþ. að áfrýja til ríkisskattanefndarinnar nokkrum úrskurðum yfirskattanefndarinnar um útsvarskærur. Fyrir fundinum lágu tillögur niðurjöfnunarnefndar um málið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jóhanna Egilsdóttir. Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1937, föstudaginn 3. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþykt að taka tilboði Magnúsar Vigfússonar um að flytja húsið nr. 33 við Bræðraborgarstíg á lóð við Hávallagötu og steypa þar undir það kjallara, fyrir kr. 5.400,-

2. Ákveðið að bjóða út húsið nr. 27 við Bræðraborgarstíg til flutnings af lóðinni eða niðurrifs.

3. Samþ. að tilkynna erfðafestuhafa Fossvogsbletts XXVII að hann skuli hafa tekið a.m.k. helming landsins til ræktunar (tætt það) fyrir veturnætur næstk., ella verði bletturinn tekinn úr erfðafestuleigu.

4. Samþ. að taka Kringlumýrarblett XVII úr erfðafestuleigu vegna vanefnda á samningi og leigja landið Einari Guðmundssyni Suðurpól 19, enda greiði hann andvirði mannvirkja, sem gerð hafa verið á landinu.

5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 1. þ.m. viðvíkjandi gjaldskrá Rafmagnsveitunnar. Samþ. að fela Guðmundi Ásbjörnssyni og Guðmundi R. Oddssyni nánari athugun málsins, með rafmagnsstjóra fyrir næsta bæjarráðsfund.

6. Jón Magnússon og Ingimundur Jónsson segja upp leigu á landsspildu á Selsgranda frá 1. október 1937. Æskja jafnframt eftir nýjum samningi um lóð undir hús sem nú er á landinu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

7. Lögð fram brjef frá Páli Þormar Norðfirði viðv. byggingum útihúsa, þ.á.m. refabús á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXII. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

8. Lögð fram tilkynning skólanefndar Laugarnesskólans um ályktun á fundi nefndarinnar 1. þ.m. viðv. flutningi skólabarna með strætisvögnum.

9. Skólanefnd Lauganesskólans skorar á bæjarráð að láta hraða viðbótarbyggingu við Laugarnesskólann.

10. Beiðni glímufjelagsins Ármanns um land undir bátaskýli við Nauthólsvík vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

11. Samþ. að leyfa byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVII, enda verði sumarhús sem nú er á landinu flutt í burtu og ennfremur hækki erfðafestugjaldið um 5% af brunabótaverði íbúðarhúsa á landinu.

12. Samþ. að taka erfðafestulandið Norðurmýrarbl.XII. úr erfðafestuleigu undir götur og byggingar og greiða endurkaupsverð eftir mati svo sem samningur ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþ. að gera brú í Sundhöllinni fyrir 25 metra sundbraut.

14. Lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna á endurkaupsverði ca. 3.04 ha. úr Vatnsmýrarbletti I með húsum og girðingum

15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 2. þ.m.

16. Synjað beiðni Árna Strandberg um ábyrgð á hveitikaupum svo og um lán úr bæjarsjóði til þess að forða húseign hans frá sölu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson

Guðm. Oddsson

Bjarni Benediktsson

Jóhanna Egilsdóttir

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1937, föstudaginn 27. ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti I fyrir kr. 4300.--. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XX fyrir kr. 6400.-. Hafnað.

3. Gunnar Vilhjálmsson biður um leyfi til þess að byggja íbúðarhús úr vikursteypu á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVII. Vísað til umsagnar bæjarverkfræðings.

4. Samþ. að breyta leigulöndum Sveinbjarnar Jónssonar og Þorkels Þorkelssonar við Ártúnsbrekku í erfðafestulönd, með eftirfarandi skilyrðum, auk venjulegra erfðafestuskilmála: Endurkaupsverð ákveðist 12 aurar pr fermeter. Erfðafestugjald verði kr. 35.oo pr. ha. og auk þess 5‰ af brunabótaverði íbúðarhúsa á löndunum.

5. Lögð fram erindi Magnúsar Þorlákssonar, Blikastöðum og Thor Jensens, Lágafelli, viðv. lágspennuveitum að býlum þeirra, ásamt umsögn rafmagnsstjóra. Samþ. að býlunum verði gefinn kostur á að fá rafmagn gegn greiðslu heimtaugargjalds er svari kostnaði við lágspennukerfi hvers um sig og að þau greiði árlegt ákveðið minnsta gjald fyrir notkun til tryggingar viðhaldskostnaði á kerfunum, en að öðru leyti eftir taxta er talist geti sambærilegur við taxta annara notenda.

6. Erindi frá Jes Zimsen viðv. sölu á rafsuðuáhöldum vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

7. Lagt fram brjef frá tannlækni barnaskólanna, þar sem farið er fram á að ráðinn verði aðstoðar tannlæknir við barnaskólana nú í vetur. Með erindinu fylgdi skýrsla um starfsemina síðastl. vetur. Ákveðið að biðja um álit skólalæknanna um erindið.

8. Lögð fram skrá um breytingar yfirskattanefndar á útsvörum 1937. Ákveðið að biðja um umsögn niðurjöfnunarnefndar áður er tekin verður ákvörðun um áfrýjun.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 26. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson. Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 20. ágúst, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Gunnar Vilhjálmsson sækir um leyfi til þess að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXVII. Synjað.

2. Sveinbjörn Jónsson og Þorkell Þorkelsson sækja um erfðafestuleigu á leigulöndum sínum í Ártúnsbrekku. Ákveðið að fá tillögur bæjarverkfræðings.

3. Fyrirspurn Guðm. Ólafssonar um hvort leyft verði að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 13 A við Garðastræti vísað til byggingarnefndar til umsagnar.

4. Nokkrir húseigendur við Bergþórugötu óska að fá keyptan hita frá Hitaveitu Reykjavíkur. Ákveðið að leita umsagnar verkfræðings Vatns- og Hitaveitu.

5. Bæjarráð samþykkir drög að samningi um sölu á rafmagni til Klæðaverksmiðjunnar Álafoss, sem lögð eru í brjefi rafmagnsstjóra, dags. 19.þ.m. , og rafmagnsstjóra falið málið til afgreiðslu.

6. Tilboði Fr.Steinholt & Co. um að útvega rafmagnssuðuáhöld vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

7. Ákvörðun frestað um erindi Starfsmannafjelags Reykjavíkur þar sem farið er fram á að laun allra fastra starfsmanna bæjarins verði hækkuð.

8. Lagt fram brjef Bandalags Íslenzkra Listamanna, dags. 13. þ.m., þar sem farið er fram á að bæjarráð hafi samvinnu við bandalagið um þau mál, er það hefir á stefnuskrá sinni.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skráðsetta atvinnulausa verkamenn 19. þ.m.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfsemina í júlí svo og reikningur.

11. Útsvarsmál:
Margrjet Þorláksdóttir, Tjarn. 32,-Emilía Nielsen v/o Skógerðin - Oddný Sverrissen, Suð. 24- Þórarinn Árnason, Sogabl. 9 - Verzlunin Glasgow- Sæmundur Stefánsson, Freyjugötu 38, Áslaug Kristinsdóttir, Þing. 3- Ágúst Jóhannesson, Bjark. 8 - Reinh. Andersen, Þingh. Guðm. Guðmundsson, Ásv. 9, Guðrún Árnadóttir, Skálh. 2 A, H.V.Hansen, Hringbr. - Jóhanna J. Norland - Poul Oscanyan, Sjafn.4 - Páll Kr. Pálsson, Skólav. 8 - Jóhannes Jósefsson, Hotel Borg.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Jóhanna Egilsdóttir.
Bjarni Benediktsson. Guðm. Oddsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 13. ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Verkamannafjelaginu Dagsbrún, dags. í dag, þar sem þess er óskað, að teknir verði í bæjarvinnu nú þegar þeir verkamenn, sem skráðir eru atvinnulausir hjer í bænum.

2. Lagt fram brjef frá sama fjelagi, dags. í dag, þar sem þess er farið á leit, að bæjarráð annaðhvort undirskrifi samning þann, er gerður var 24. júlí s.l. milli fjelagsins og Vinnuveitendafjelags Íslands, eða staðfesti hann brjeflega.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXIV fyrir kr. 12000.oo. Hafnað.

4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 90 við Njálsgötu við Harald Sigurðsson, Barónsstíg 43, og Ólöfu Ingvarsdóttur, Barónsstíg 41.

5. Lögð fram matsgerð lóðamatsnefndar af lóðarspildu við Laugaveg 118, sem Egill Vilhjálmsson ætlar að fá til viðbótar við leigulóð sína. Ákveðið að fá yfirmat.

6. Lögð fram beiðni frá Jóni B. Valfells, Fitjakoti í Mosfellssveit, um að fá lagða rafmagnslínu til sín, úr háspennulínu að Reykjum. - Ákvörðun frestað.

7. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að setja tilraunataxta III á rafmagni um hemilmæla til heimilisnotkunar, enda gangi væntanlegir notendur inn á þann taxta, sem síðar kann að verða settur.

8. Beiðni frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkur um hækkun á launum fastra starfsmanna bæjarins vísað til borgarritara til athugunar.

9. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 6. þ.m.- Eftir tillögu nefndarinnar samþykkti bæjarráð fyrir sitt leyti eftirtalda veitingastaði:

   a. Alþýðuhúsið Iðnó
   b. Heitt og Kalt, Veltusundi 1
   c. Hressingarskálinn, Austurstræti 20
   d. Cafe Royal, Austurstræti 10
   e. Cafe Svanur, Grettisgötu o5
   f. Kaffistofan, Vesturgötu 3.

10. Beiðni frá Sjómannafjelagi Reykjavíkur um að felldur verði niður aðgangseyrir að Sundhöllinni við væntanleg námsskeið sjómanna, vísað til forstjóra Sundhallarinnar til umsagnar.

11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

12. Lagður fram reikningur yfir rekstur Vinnumiðlunarskrifstofunnar í júní.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagðar fram svohljóðandi tillögur um breytingar á gjaldaskrá fyrir hitaveitu Reykjavíkur:

1. grein orðist svo:

Rensli heita vatnsins er takmarkað með hemli, sem komið er fyrir á aðfærsluæð miðstöðvarinnar. Hemillinn er stilltur þannig, að nægilegt vatn fáist til að hita upp hitagjafann í húsinu þegar úti er allt að ÷ 15° C, miðað við það, að hitalögn hússins sje í fullkomnu lagi. Ennfremur er hitaveitunni heimilt að setja vatnsmæli í samband við að-eða frárennslið.

3. grein orðist svo:

Fyrir hitann skal greiða: frá 1. okt. til miðs maímánaðar kr. 0.80 á mánuði fyrir hvern fermetra hitaflatar. Frá miðjum maí til 1. okt. kr. 0.30 á mánuði fyrir hvern fermetra hitaflatar, hvorttveggja miðað við 38 kr. kolaverð hjer í Reykjavík. Hækki eða lækki verð á kolum hjer í Reykjavík um meira en 10% frá þessu verði, breytist hitaveitugjaldið hlutfallslega frá næstu mánaðarmótum.
Óski húseigandi eftir meiri hita en þeim, er samsvarar hitafleti hússins, fæst slíkt aðeins gegn sjerstökum samningi með hlutfallslegri hækkun á hitaveitugjaldi.
Vísað til bæjarstjórnar.

14. Lögð fram beiðni frá Axel Helgasyni um 1000 kr. styrk úr bæjarsjóði til þess að gera upphleypt kort af Íslandi.

15. Samþ. að verða við beiðni h/f. Hamars um leigulóð undir verkstæði við Hringbraut, norðan við Vesturgötu, úr leigulandi h/f. Alliance.- Stærð lóðarinnar og skilmálar ákveðnir síðar.

16. Mælt með að fella niður útsvör 375 manna fyrir árið 1936, samtals kr. 14426.50.

17. Mælt með að fella úr eftirstöðvum útsvarsskuldir 2624 manna, samtals kr. 110874.82.

18. Útsvarsmál:
Þuríður Sigurjónsdóttir, Barónsstíg 18, Gunnar Thorarensen, Skarphjeðinn Jónsson, Grettisgötu 74, Sigurgeir Jóhannsson, Grett. 65, Sigfús Gíslason, Hofstöðum, Jón Jónsson, Öldugötu 61, Jón Einarsson, Njarðargötu 33, Helga Pálsdóttir, Bar. 65, Guðrún Sigurjónsdóttir, Bar. 18, Elías Jóhannesson, db. Egill Kristjánsson, Njálsg. 72, Einar Benediktsson, loftskeytam., Ingvar Einarsson, vjelstjóri, Björn Eiríksson, Klapparstíg 18, Friðrik K. Magnússon, kaupm., Fr. Steinholt, Lauf. 2, Bergþór Jónsson, Grett. 82, Jón Dahlmann, ljósm., Albert Goodman, Guðmundur Guðmundsson, Öld. 59, Inger B. Sörensen, Austurstr. 4, Kristinn Friðriksson, bifreiðastöðvarstj. Ágústa Einarsdóttir, Óð. 20 B, Kristján Oddsson, Nýl. 15.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Oddsson.
Guðm. Eiríksson. Jóhanna Egilsdóttir.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

---

Ár 1937, föstudaginn 6. ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá h/f. Hamri um leigulóð fyrir væntanleg verkstæði við Hringbraut, norðan við Vesturgötu, úr leigulandi h/f. Alliance. Málinu frestað til athugunar.

2. Samþ. að leyfa Guðmundi Sigurðssyni að endurbyggja fuglahús úr timbri á leigulandi hans við Sundlaugaveg.

3. Lögð fram beiðni frá h/f prentsmiðjunni Eddu um að fyrirhuguð gata milli Lindargötu og Sölvhólsgötu verði lögð í sumar.

4. Samþ. að leyfa Magnúsi V. Jóhannessyni að byggja íbúðar- og gripahús á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XIV, enda hlíti hann þeim skilmálum, sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.

5. Borgarstjóra heimilað að gera makaskifti á lóðum við Bræðraborgarstíg 35.

6. Lögð fram skýrsla um starfrækslu Sundhallarinnar í júlí.

7. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um skrásetta atvinnulausa verkamenn í dag.

8. Samþ. að leyfa Óla J. Ólasyni að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXIV., með því skil-skilyrði, að byggð verði rotþró við húsið, og ennfremur að erfðafestuhafi hlíti þeim skilmálum, sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.

9. Samþ. með 3:2 atkv. að heimila borgarstjóra að kaupa Njarðarstöðina fyrir kr. 162500.oo og semja um greiðsluskilmála.

10. Lögð fram beiðni frá Elíasi Lyngdal um meðmæli með umsókn hans um veitingaleyfi.- Vísað til bæjarstjórnar.

11. Lögð fram tillaga Bjarna Benediktssonar, sem samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundi, um útvegun á áhöldum til rafmagnssuðu o. fl.- Samþ. að óska upplýsinga frá rafmagnsstjóra um verðlag og sölu fyrirkomulag á þessum hlutum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 30. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að taka tilboði Kol & Salt h.f. um ca. 2000 tonn af gaskolum, Wearmouthgaskolum, fyrir 42 shillings 5 1/4 pence, cif Reykjavík, per tonn.

2. Samþ. að útsöluverð á koksi gasstöðvarinnar skuli vera 66 krónur per smálest fyrst um sinn. Samþ. með 3:2 atkv.

3. Umsókn Ársæls Kjartanssonar, Rauð 5, um leigulóð sunnan Flókagötu, var vísað til bæjarverkfræðings.

4. Beiðni Óla J. Ólasonar um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXIV var vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Samþ. að kaupa 141.5 ferm. spildu úr lóðinni Eystra-Gíslholt undir breikkun Ránargötu fyrir 0 krónur hvern ferm.

6. Lögð fram beiðni Guðmundar Ólafssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 13 A við Garðastræti.

7. Umsókn Rich. Eiríkssonar um löggildingu sem lagningamaður vatns- og skólppípa var vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa menn 29. þ.m.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Eiríksson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 23. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Valdimar Sveinbjörnsson spyrst fyrir um, hvort erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXXV fáist skipt í tvö lönd. Bæjarráð vill ekki leyfa skiptingu á landinu.

2. Leiguskilmálar á lóð Tryggva Ófeigssonar við Grandaveg ákveðnir þessir: leigutíminn sje 75 ár og leigan skal metin af lóðamatsnefnd á 5 ára fresti.

3. Reinh. Richter beiðist breytinga á greiðsluskilmálum á skuld með veði í eigninni nr. 3 A við Barónsstíg. Vísað til borgarstjóra.

4. Samþ. húsnæði til veitingasölu í húsinu Frakkastíg 16, en heilbrigðisnefnd hafði áður samþykkt húsnæði þetta fyrir sitt leyti á fundi sínum 11. des. 1936.

5. Samþ. að gefa Elíasi Hjörleifssyni, Njálsg. 94, kost á leigulóðinni nr. 13 við Auðarstræti til íbúðarhússbyggingar.

6. Umdæmisstúkan nr. 1 sækir um 500 kr. styrk úr bæjarsjóði vegna fyrirhugaðs Þingvallafundar um bindindismál 15. ágúst n.k. Samþ. að mæla með beiðninni.

7. Jón Ásbjörnsson hrmflm f.h. Jóhannesar Jósefssonar fer fram á, að leystir verði úr veðböndum innanstokksmunir gistihússins Hótel Borg, sem bæjarstjórnin hefir sjálfvörsluveð í til tryggingar ábyrgð sinni á láni, sem hvílir á 1. veðrjetti í gistihúsinu. Vísað til bæjarstjórnar.

8. Beiðni um að Hressingarskálinn megi selja kökur á veitingastofu sinni í Austurstræti 20 öðrum en þeim, sem neyta þeirra á staðnum, meðan aðrar kökubúðir eru opnar. Bæjarráð telur þetta mál sjer óviðkomandi.

9. Umsókn Bjarna G. Sæmundssonar, Lauf. 17, um erfðafestuland var vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 22. þ.m.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1937, föstudaginn 16. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjar - ráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti XX fyrir kr. 7500,- Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðfestulandinu Laugarásbletti III fyrir kr. 11.500,- Hafnað.

3. Samþ. að hús sem Karli Þórhallssyni f.h. sonar hans hefir verið leyft að byggja á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXX, megi kosta ca. 17.000,-.

4. Samþ. að leyfa Hallgrími Jónssyni, Steinholti, að byggja geymsluskúr úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XVI.

5. Lögð fram matsgerð dómkvaddra manna er var falið að meta eignina nr. 27 við Bræðraborgarstíg, er Skipulagssjóður tekur eignarnámi. Samþ. að una matinu.

6. Lagðar fram beiðnir um að hafa refabú á erfðafestulöndunum Hjallalandsbletti og Sveinsstaðbletti. Bæjarráð tekur ekki afstöðu til beiðnanna.

7. Lagt fram brjef frá Verkamannafjelaginu Dagsbrún dags. í dag, þar sem fjelagið tilkynnir nýjan kauptaxta er gildi frá og með næstkomandi mánudegi.

8. Lagt fram erindi frá Jóhannesi Jósefssyni, Hótel Borg, við - víkjandi því að bæjarsjóður falli frá veði sínu í innan - stokksmunum og borðbúnaði hótelsins. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.

9. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um ábúðarsamning við E. Rokstað á Elliðavatni.

10. Lagðir fram reikningar Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1936.

11. Lögð fram fundargjörð heilbrigðisnefndar 9. þ.m.

12. Synjað beiðni Hálfdánar Halldórssonar um leyfi til að opna veitingarstofu í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti, þar sem áður var " Reykjavíkur Bar ".

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 15. þ.m.

14. Samþ. að fela Lúðvík Guðmundssyni skólastjóra, Ísafirði, forstöðu vinnuskóla fyrir 14 - 16 ára unglingspilta, er verði starfræktur hjer í sumar skv. samþykkt bæjarstjórnar 15. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller

Guðmundur Eiríksson

Bjarni Benediktsson

Stefán Jóh. Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 2. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráð fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Pjetur Sigurðsson, Bergþ. 23, biður um húsið Bræðraborgarstíg 33 til kaups, en til vara húsið nr. 27 við sömu götu, er Skipulagssjóður hefir eignast það.
2. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að löggilda Olaf Peter Nielsen, starfsmann við Raftækjaverzlunina Jón Sigurðsson, sem rafvirkja við lágspennuveitur hjer í bænum.
3. Samþ. að taka tilboði Elíasar Hjörleifssonar um byggingu spennistöðvarhúss í Norðurmýri fyrir 4400 krónur.
4. Samþ. að leigja Magnúsi Árnasyni ca. 750 ferm. lóð með húsinu Fúlatjörn eftir útvísun bæjarverkfræðings, en þó ekki lengur en til 20 ára.
5. Synjað erindi Atla Eiríkssonar um 15 ha. erfðafestuland í Árbæjarlandi.
6. Samþ. að leyfa Eggert Ólafssyni, Tjarn. 30, að byggja fjós og hlöðu úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XI.
7. Lagt fram brjef frá Akademiska arkitektafjelaginu í Reykjavík, með tillögum um, að bæjarstjórn bjóði til samkeppni meðal arkitekta um gerð og afstöðu fyrirhugaðra bygginga á Skólavörðutorgi og við það sem og um framtíðarútlit torgsins í heild. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
8. Bæjarráð mælir með því, að glímufjelaginu Ármann verði veittur 750 kr. styrkur úr bæjarsjóði til þess að senda sveit ræðara til Kaupmannahafnar, er keppi þar í róðrum.
9. Barnaverndarnefnd mælist til þess að þóknun fyrir starf nefndarmanna verði hækkuð úr 3500 kr. upp í 4800 krónur á ári alls.
10. Synjað erindi Óskars B. Vilhjálmssonar um að bæjarsjóður greiði bifreiðakostnað fyrir hann 350 kr. nú í ár.
11. Lögð fram brjef frá Robert Þorbjörnssyni og Karli Kristinssyni um leyfi til að starfrækja kaffivagn við höfnina norðan við Hafnarstræti 15.
12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfsemi í maímánuði svo og reikningur yfir kostnaðinn þann mánuð.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 1. þ.m.
14. Jónína Viglundardóttir, Shellvegi 8 B, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Eiríksson.　　Bjarni Benediktsson.
Stefán Jóh. Stefánsson.　　Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 25. júní, kl. 5 e.h., var fundur haldinn í bæjarráði í skrifstofu bæjarráðs, Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Jóni Björnssyni málara að byggja viðbótarbyggingu við íbúðarhúsið á Þvottalaugabl. XIII, enda hlýti hann skilmálum, sem bæjarstjórn kann síðar að setja, um byggingar á erfðafestulöndum.

2. Samþ. að leyfa Karli Þórhallssyni að byggja íbúðarhús á Kringlumýrarbl. XXX, enda hlýti hann skilmálum, sem bæjarstjórn kann síðar að setja um byggingar á erfðafestulöndum.

3. Beiðni Sveins Jónssonar, Kirk. 8 B, um leigulóðina Hringbraut 87, lögð fram.

4. Synjað beiðni Pjeturs Magnússonar, Háaleitisvegi 23, um land til loðdýraræktar.

5. Umsókn Dýraverndarfjelags Íslands um land á erfðafestu í Kaupmannstúni. Vísað til bæjarverkfræðings.

6. Umsókn Björns Andrjessonar um viðbótarland við Leynimýrarbl. I vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

7. Beiðni um að tekin verði úr erfðafestulandinu Lækjarbakki, hæfileg lóð og breytt í leigulóð, er fylgi íbúðarhúsinu Búlutjörn Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

8. Samþ. að leigja Agli Vilhjálmssyni viðbótarlóð við lóðina nr. 118 við Laugaveg.

9. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 24. þ.m., viðvíkjandi ábúðinni á Elliðavatni, ásamt brjefi E. Rokstads, dags. 15. febr. síðastl., og úttektargjörð á jörðinni, dags. 5. júní 1937. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að gera leigusamning um ábúðarrjettinn til næstu 5 ára, enda samþykki bæjarráðið leiguskilmálana.

10. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. í dag, ásamt brjefi útvarpsstjóra viðvíkjandi raforkuþörf stöðvarinnar, eftir að fyrirhuguð stækkun á henni hefir verið gerð.- Samþ. að Rafmagnsveita Reykjavíkur leggi jarðstreng til útvarpsstöðvarinnar.

11. Samþ. að lækka verð á suðu- eða heimilisrafmagni skv. tilraunataxta úr 12 aurum niður í 10 aura á kwst nú þegar.

12. Lögð fram brjef Sogsvirkjunar, dags. 3. og 23. júní síðastl., ásamt brjefum frá Höjgaard & Schultz, A/S., dags. 1. og 18. júní s.l., svo og afrit af brjefi Iðnsambands byggingarmanna, dags. 11. júní s.l., viðvíkjandi hækkun á tímakaupi handverksmanna við Sogsvirkjunina.

13. Lagt fram brjef bæjarverkfræðings viðvíkjandi kirkjubyggingu og sjónvarpsstöð á Skólavörðutorgi.

14. Lögð fram beiðni Halldánar Halldórssonar um leyfi til þess að reka veitingasölu í húsakynnum " Reykjavíkur Bars" í húsinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafnarstræti 15. - Vísað til heilbrigðisnefndar.

15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

16. Lagt fram brjef Sigvalda S. Sveinbjörnssonar, dags. 23. þ.m., viðvíkjandi ábyrgðarbeiðni hans út af fyrirhuguðum kaupum á m/b. "Björgvin".

17. Borgarstjóra heimilað að ráða Guðjón Bj. Guðlaugsson, Rán.46, til eftirlits við sjóðbaðstaðinn í Skerjafirði nú í sumar.

18. Lögreglustjórinn sendir umsókn Páls Guðjónssonar um lögregluþjónsstöðu og leggur til að hann verði settur lögregluþjónn frá 1. júlí n.k. í stað Geirs heitins Sigurðssonar.

19. Samþ. með 3:1 atkv. að starfrækja ekki skóla fyrir veikluð börn í skólahúsinu við Reykjaveg yfir sumarmánuðina júlí- ágúst, en í þess stað sjá börnunum, sem þar hafa dvalið, fyrir vist í sumardvalaheimilinu við Silungapoll.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

| | |
|---|---|
| Jakob Möller. | Jóh. Ólafsson. |
| Guðm. Eiríksson. | Jón Axel Pjetursson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 18. júní, kl. 5 e. h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ., eftir beiðni íþróttafjelaganna K. R., Ármann og Ægir, að fjelögin fái Sundhöllina til æfinga fyrir sundflokka sína tvö kvöld í viku frá kl. 9 - 10½ gegn 15 króna gjaldi alls fyrir kvöldið.

2. Synjað umsókn frá Hannesi M. Þórðarsyni um að hann verði ráðinn til sundkennslu við Sundhöllina í sumar.

3. Lagt fram brjef frá Grænmetisverzlun Ríkisins viðvíkjandi torgsölu og markaðsskála.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu BogablettiIV. fyrir kr. 12000.--. Hafnað.

5. Samþ. að leyfa Gísla Guðmundssyni að byggja verkfæraskúr úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIV.

6. Lögð fram beiðni frá Erling Smith og Othar Erlingssen um land undir sumarbústað í Elliðavatnslandi. Frestað.

7. Lagt fram brjef frá sóknarnefnd um stað undir kirkju á Skólavörðuhæðinni.

8. Synjað beiðni frá Sigurði Þórðarsyni um skiptingu á lóðinni nr. 1 við Auðarstræti.

9. Eftir tillögu bæjarverkfræðings var samþ. að verja fjárveitingu til íþróttasvæðis og sjóbaðastaðar við Skerjafjörð til þess. að:
   1. þurka íþróttasvæðið.
   2. byrja á vegagerð á landinu og að því.
   3. ryðja fjöruna í Nauthólsvíkinni og laga bakkana, gera stökkpall norðan við víkina og nokkurskonar steinbryggju syðst í víkinni.

10. Lögð fram tilboð í byggingu flugskýlis á Vatnsmýrarbletti V. Falið borgarritara til athugunar.

11. Lagt fram brjef frá póst- og símamálastjóra um breytingu á burtfarartíma og ferðafjölda Strætisvagnanna að Lögbergi og Álftanesi.- Bæjarráðið hefir ekkert við breytingarnar að athuga.

12. Lögð fram umsögn Hafsteins Bergþórssonar út af umsókn Sigvalda Sveinbjörnssonar um bæjarábyrgð vegna kaupa á m/b. Björgvin.- Bæjarráðið mælir ekki með ábyrgðarbeiðninni.

13. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að Skáksambandi Íslands verði veittur 700 kr. styrkur úr bæjarsjóði til þess að senda 5 reykvíska skákmenn á alþjóðaskákmót í Stockholm.

14. Lögð fram beiðni frá hjúkrunarfjelaginu Líkn um 3000 króna árlegan styrk úr bæjarsjóði til þess að bæta við einni hjúkrunarkonu.

15. Lögð fram beiðni frá verkamönnum við sandnám bæjarins og öðrum sem vinna að staðaldri hjá bænum, um 5 daga sumarfrí með fullu kaupi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lögð fram áskorun frá A.S.B. um, að sami lokunartími verði látinn gilda fyrir mjólkursölubúðir sem aðrar búðir, að svo miklu leyti sem auðið er.

17. Bæjarráð leggur til, að varið verði 15 þús. kr. úr bæjarsjóði á þessu ári til atvinnubótavinnu fyrir unglinga í Sogsvegin- um.

18. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna í dag.

19. Lögð fram beiðni frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkur um launuppbót til starfsmanna vegna ómagaframfærslu.

20. Útsvarsmál.
Þuríður Sigurjónsdóttir, db.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller. Jóh. Ólafsson.

Guðm. Eiríksson. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 11. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að ætla Byggingarfjelagi Alþýðu lóðir undir verkamannabústaði á milli Njálsgötu og Grettisgötu, Rauðarárstígs og Hringbrautar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings síðar.

2. Synjað erindi Sigurjóns Fjeldsted, Vegh. 1, um greiðslu á andvirði lóðarspildu þar sem tekin er undir götu.

3. Erindi J. Bjarna Pjeturssonar um að fá keypta lóð við Ægisgötu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabl. 3 með húsi fyrir 8400 kr. .- Hafnað.

5. Samþ. að leyfa Thorkil Hansen, að byggja fuglahús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XIV.

6. Beiðni Marinós K. Jónssonar, Laugarnesvegi 41, um land til ræktunar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

7. Lagt fram brjef frá sundráði Reykjavíkur viðvíkjandi framkvæmdum við að gera sjóbaðstað í Nauthólsvík nú í sumar.

8. Lagt fram brjef frá stjórn Í.S.Í. viðvíkjandi framkvæmdum á íþróttasvæðinu við Skerjafjörð og sjóbaðstað þar.

9. Bæjarverkfræðingi falið að halda áfram framkvæmdum á íþróttasvæðinu við Skerjafjörð og ræða við brjefritarana er er getur í 7. og 8. lið um framkvæmdirnar nú í sumar, sjerstaklega að því er snertir sjóbaðstaðinn.

10. Lagðar fram skýrslur um starfsemi sundhallarinnar frá því hún var opnuð og til loka maímánaðar.

11. K.R., Ármann og sundfjel. Ægir æskja þess, að aðgangseyrir að Sundhöllinni verði færður niður í 25 og 20 aura fyrir hvern fjelagsmann í þau skipti, er fjelögin fá Sundhöllina til æfinga. Vísað til umsagnar forstöðumanns Sundhallarinnar með 3:1 atkv. Jón A. Pjetursson vildi verða við beiðni fjelaganna nú þegar.

12. Samþ. að mæla með því að neðanskráðum ekkjum verði veittur styrkur úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar:

Guðríði Mósesdóttur, Grett. 68
Ingunni Guðmundsdóttur, Hringbr. 177
Kristínu S. Hafliðadóttur, Njáls. 60
Sigríði Þorsteinsdóttur, Nyl. 15 A
Þórunni F. Þorsteinsdóttur, Nyl. 15 A

13. Samþ. að skipta megi lóðunum nr. 4 og 6 við Flókagötu með því skilyrði, að lengd beggja húsa, sem fyrirhugað er að reisa á hvorri lóðinni, verði ekki yfir 16 metrar.

14. Stefán Lyngdal sækir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

15. Lögð fram skýrsla um starfsemi Styrktarsjóðs Sjómanna- og Verkamannafjelaganna í Reykjavíkur árið 1936.

16. Gestur Hannesson, Grund. 4, sækir um leyfi bæjarráðs til þess að mega tengja vatnsleiðslur við Vatnsveitu Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Baldvina Halldórsdóttir sækir um starfa við gæslu leikvallar í bænum.

18. Stjórnarnefnd barnaheimilisins Vorboði sækir um 1000 kr. styrk úr bæjarsjóði til starfsemi sinnar nú í sumar. Fellt með 3:1 atkv. að mæla með erindinu.

19. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 10. þ.m.

20. Skipaðar undirkjörstjórnir við alþingiskosningarnar 20. þ.m. Verður skipunin færð inn í gjörðabókina á eftir þessari fundargerð.
Borgarstjóra falið að skipa menn í kjörstjórnir í stað þeirra, sem kunna að forfallast.

21. Samþ. að verkamenn sem vinna að staðaldri gegn tímakaupi að þrifnaði og sorphreinsun hjá bæjarsjóði skuli fá 5 daga sumarfrí með fullu kaupi.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Eiríksson. Jóns Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 4. júní, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Guðbirni Ásmundssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXX enda hlíti hann skilmálum, sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum og íbúðarskúr sem nú er á landinu verði tekinn burtu.

2. Beiðni Einars Einarssonar og Ingólfs Matthíassonar, Nýl. 18, um leiguland í Krossamýri vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

3. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að kaupa lágspennukerfið út á Seltjarnarnes.

4. Hússtjórn Góðtemplara æskir þess að bæjarstjórn ætli reglunni byggingarlóð sunnan Vonarstrætis á milli Iðnó og K.R. hússins. Vísað til bæjarstjórnar.

5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að Guðmundur Einarsson byggi bráðabirgðaskýli á baklóð Listvinafjelagshússins, sem verði rifið eða flutt bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður.

6. Útvegsbanki Íslands h.f. býður Njarðarstöðina til sölu fyrir 175 þús. krónur.

7. Samþ. að Skipulagssjóður kaupi 161 ferm. af lóðinni nr. 99 við Laugaveg fyrir 9 kr. pr. ferm.

8. Samþ. að taka tilboði Hjálmars Jóhannssonar um að steypa girðingu um leikvöll í Norðurmýri fyrir 7300 krónur.

9. Samþ. ný gjaldskrá fyrir Baðhús Reykjavíkur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Steypuböð | kr. | 0.50 | m/sápu |
| Kerlaugar | - | 1.00 | m/ - |
| Handklæði | - | 0.10 | leiga |
| Sundhettur | - | 0.05 | - |

10. Beiðni um að leyfð verði veitingasala í húsinu nr. 4 við Hafnarstræti vísað til heilbrigðisnefndar.

11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 3.þ.m.

12. Samþ að starfsmenn bæjarsjóðs og bæjarstofnana, sem taka föst mánaðarlaun, fái sumarfrí hálfan mánuð árlega, en 3 vikur þeir, sem verið hafa í þjónustu 15 ár eða lengur. Enginn starfsmaður fái kaupgreiðslu í staðinn fyrir sumarfrí.

13. Kjörskrárkærur.
Samþ. að taka á kjörskrá til alþingiskosninga 20. þ.m. eftirgreind nöfn :

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hildigunnur Olgeirsdóttir, | Njálsg. 85 | f. 10/3. | 1906 |
| Blöndal, Sölvi, | Bræðr. 52 | f. | 1910 |
| Daníel Sigurbjörnsson, | Njálsg. 98 | f. | 1909 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Haraldur Gunnlaugsson, | Njálsgötu 71 | f. 6/7. 1908 |
| Magnea Katrín Helgadóttir, | Bank. 7 | f. 13/6. 1906 |
| Ólafur Austfjörð Björnsson, | Hörp. 38 | f. 29/4. 1912 |
| Rósa Kristjánsdóttir, | Vest. 16 B | f. 24/5.1912 |
| Stefán Bjarnason , | - 16 B | f. 7/5. 1910 |
| Guðríður Stefanía Ólafsdóttir, | Óð. 15 | f.24/12.1915 |
| Styff, Gísli | Hverf. 56 a | f. 16/8.1912 |
| Unnur Ágústsdóttir, | Bergþ. 25 | f. |

Þá var samþ.,eftir tillögum manntalsskrifstofu bæjarins, að taka á kjörskrána 77 manns sem fallið höfðu niður er kjörskrá var samin, svo og fella niður athugasemd við Einar S. Erlendsson, Vit. 11 ( nr. 2862).

Þessi nöfn voru,samkv. kærum, felld niður úr kjörskránni:

| | | |
|---|---|---|
| Nr. 1563 | P. Benedikt Daníelsson, | Sogambl. II A |
| - 5747 | Guðný Jóhannesdóttir, | Ánanaust C |
| - 7151 | Hákon Kristófersson, | Thorv. 4 |
| - 9476 A | Jensen, Guðjón K.M., | Vest. 52 |
| - 14494 | Ólafur Jónsson, | Bergþ. 29 |
| - 17721 | Sigurvin Elíasson, | Skothv. 7 |
| - 19061 | Thoroddsen, Marie N., | Frík. 3 |

14. Tillaga manntalsskrifstofunnar um skiftingu í kjördeildir við alþingiskosningarnar 20. þ.m. samþykkt. Skiftingin verður færð inn í gjörðabókina á eftir þessari fundargerð.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller — Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson. — Stefán Jóh. Stefánsson

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 21. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist;

1. Beiðni frá Sigurði Sigurðssyni um að fá leyfi til að byggja alifuglahús á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXIII vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

2. Samþ. að leyfa knattspyrnufjel. Valur að byggja skúr með búningsklefum og baði við æfingavöll fjelagsins vestan við Öskjuhlíðina, enda verði byggingin tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu er krafist verður.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulöndunum Sogamýri XII og XII A með mannvirkjum fyrir 30 þús. krónur. Hafnað.

4. Samþ. að selja Gunnari Einarssyni lóðina nr. 34 við Garðastræti.

5. Bæjarverkfræðingi falið að athuga tilboð, er borist hafir um sölu á lóðinni Baugsvegur 25.

6. Synjað erindi Sólveigar Jónsdóttur, Kirkjubóli, um að fá lækkaða leigu eftir Kaupmannstún.

7. Íþróttasamband Íslands leggur til að bæjarstjórn hlutist til um að komið verði á sundskyldu í Reykjavík skv. lögum nr. 39/1925 þegar í byrjun næsta skólaárs.

8. Samþ. að mæla með því, að bæjarstjórn veiti Guðjóni Jónssyni, Óð. 10, meðmæli til þess að fá veitingarleyfi.

9. Áfengisvarnarnefnd skorar á bæjarráð og bæjarstjórn að hlutast til um að menn, sem fengið hafa veitingarleyfi ræki sjálfir veitingasölu en framselji ekki öðrum leyfin.

10. Bæjarverkfræðingi falið að athuga og gera áætlun um vatnsveitu ( heita og kalda) í þvottahúsin við þvottalaugarnar.

11. Skósmíðafjelag Reykjavíkur æskir þess að sett verði reglugerð um lokunartíma skóvinnustofa bæjarins.
Falið borgarritara til athugunar.

12. Lögreglustjóri leggur til að Sigfús Kolbeinsson, Hringbraut 64, verði settur lögregluþjónn hjer í bænum frá 1. n.m. í stað Geirs Sigurðssonar lögr.þjóns, er ljetst 2. þ.m.
Vísað til bæjarstjórnar.

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 20. þ.m.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um rekstur skrifstofunnar í aprílmánuði með reikningi yfir kostnaðinn.

15. Synjað erindi Guðjóns Samúelssonar um að honum verði greidd sjerstök laun fyrir teikningar af Sundhöllinni.
Vísar bæjarráð til samkomulags við ríkisstjórnina um að teiknilaun húsameistara skuli ekki reikna með stofnkostnaði Sundhallarinnar og heldur ekki störf verkfræðinga bæjarins vegna byggingarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Húsmæðrafjelag Reykjavíkur fer fram á að fá leigð nú í sumar Efri- Veiðimannahúsin við Elliðaárnar til sumardvalar fyrir fátækar konur og börn.
Samþykkt, enda gefi fjelagið skýrslu um notkun húsanna síðastl. sumar.

17. Samþ. að fella úr gildi ákvörðun bæjarráðs í 15. lið fundargerðar 14. þ.m. um að selja húseigendum við Hólatorg lóðarspildur við torgið, en í þess stað var ákveðið að leigja þeim spildurnar.

18. Svohljóðandi tillaga frá Jóni A. Pjeturssyni var felld með 3: 2 atkv. :

> " Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að felld verði niður lóðarleiga fyrir leikvöll verkamannabústaðanna meðan börnum, sem ekki eiga heima í bústöðunum eru heimil afnot af leikvellinum".

19. Verkamannafjel. Dagsbrún fer fram á að verkamenn í bæjarvinnunni fái að vinna fullan vinnudag.
Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

20. Borgarstjóra falið að láta vinna við jarðborun við Reyki dag og nótt, ef tök eru á.

21. Lögð fram tillaga Ólafs Friðrikssonar frá bæjarstjórnarfundi 20. þ.m.. Ákvörðun frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Eiríksson. Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1937, þriðjudaginn 18. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram tillögur til breytinga á Samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

   Ákveðið að leggja tillögurnar fyrir bæjarstjórn.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. — Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. — Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

-------------------

Ár 1937, föstudaginn 14. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rafmagnsstjóra heimilað að leigja Stangaveiðafjelaginu laxveiðirjett í Elliðaánum nú í sumar með sömu skilmálum og gegn sömu leigu sem var síðastl. sumar.

2. Samþ. tillögur rafmagnsstjóra að skilmálum um leigu á silungsveiði í Efra-Sogi tilheyrandi jörðinni Úlfljótsvatni.

3. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 10. þ.m. með tillögum um að lækka hið fyrsta verð á rafmagni til suðu og notkunar í bökunarofnum. Að tillögu rafmagnsstjórans var samþ. að leita umsagnar verkfræðinganna Berdals og Nissen í Oslo um málið.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVIII, fyrir kr. 4000.--. Hafnað.

5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að börn Búa Ásgeirssonar verði erfðafestuhafar að Laugamýrarbl. XXI.

6. Samþ. að leyfa Guðm. Kristjánssyni, Grett. 58 A, að byggja hænsnahús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLIII.

7. Samþ. að leyfa Skógræktarfjelagi Íslands að byggja plöntu- og verkfærageymslu á landi fjelagsins í Fossvogi.

8. Hið íslenzka steinolíu-hlutafjelag sækir um leyfi til þess að setja upp tvær benzinpumpur á lóðinni Hafnarstræti 23. Vísað til brunamálanefndar.

9. Samþ. með 2;1 atkv. að heimila borgarstjóra að kaupa efrihluta lóðarinnar nr. 3 við Fríkirkjuveg ca. 380 ferm. fyrir matsverð, 20 kr. pr. ferm.

10. Útvarpsstjóri ítrekar tilmæli sín um að útvarpshúsi, þar sem koma megi fyrir sjónvarpssenditækjum, verði ætlaður staður á Skólavörðuhæðinni.

11. Lagt fram brjef frá Þorgeiri Jónssyni, Sunnuhvoli, þar sem hann krefst bóta fyrir skemmdir á Sunnuhvolstúninu s.l. sumar er vatnsæð var lögð um túnið.

12. Samþ. að láta af hendi við Fiskimálanefnd, leigulaust til 10 ára, allt að 4 ha. lands undir fisktrönur, í Breiðholtslandi sunnan Útvarpsstöðvarvegar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

13. Að fengnum upplýsingum bæjarverkfræðings getur bæjarráð ekki sinnt kvörtun Magnúsar Guðmundssonar skipasmiðs í brjefi 30. f.m. um að hús, sem Slippfjelagið ætlar að reisa í lóð sinni girði fyrir akveg að dráttarbraut Magnúsar.

14. Synjað boði Lárusar Björnssonar um að bæjarsjóður kaupi húseignina nr. 10 við Hallveigarstíg og gangi mismunur kaupverðs og áhvílandi veðskulda til greiðslu á skuldum hans vegna leigu á Bríemsfjósi og túnblettum í Vatnsmýrinni.

15. Samþ. aðselja húseigendum við Hólatorg lóðarspildur á milli lóða þeirra og götunnar, eftir mati.

16. Samþ. að gefa Lárusi Björnssyni kost á því að leigja áfram til fardaga 1938 Brímmsfjós með lóð, Vatnsmýrarbl. VIII og heimila honum þau not, sem hann getur haft af Norðurmýrarbl. V þó að þar verði flugvöllur fyrir 4000 kr. ársleigu næsta fardagaár,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda greiði hann eða semji um greiðslu skuldar sinnar við bæjarsjóð.

17. Samþ. að Skipulagssjóður kaupi húseignina Hábæ við Grettisgötu fyrir kr. 10.000.--, er greiðist: kr. 3500.oo eftir samkomulagi á þessu ári, kr. 6500.-- í skuldabrjefum bæjarsjóðs frá 1931.

18. Erindi hestamannafjel. Fákur um land undir skeiðvöll vestan undir Öskjuhlíðinni vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

19. Lagt fram tilboð eiganda jarðarinnar Skeggjastaðir í Mosfellssveit um að selja bæjarsjóði jörðina.

20. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 7.þ.m. viðvíkjandi veitingastaðnum Ramóna við Hverfisgötu.

21. Erindi Helgu Þorgilsdóttur og Böðvars Pjeturssonar um ábyrgð fyrir láni til byggingar íbúðarhúsa er tekið verði hjá Lífeyrissjóði barnakennara vísað til borgarritara til athugunar.

22. Lagt fram erindi Fjelags matvörukaupmanna viðvíkjandi lokun veitingastaða sem selja tóbaks- og sælgætisvörur.

23. Lagt fram brjef frá stjórn fjelags afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkursölubúðum þar sem þess er æskt að sami lokunartími verði látinn gilda á virkum dögum í brauð-og mjólkurbúðum sem öðrum verzlunum.
Ákveðið að fá umsögn bakarameistara um erindið.

24. Lagt fram brjef JónsB. Jónssonar viðvíkjandi vatnsæð að húsi hans á Norðurmýrarbl. XXXV.

25. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 5. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 30. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Lögð fram frumvörp að reglugerð um söluskilmála á raforku frá Sogsvirkjuninni, Reglugerð um söluskilmála á raforku frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Orkusölusamningi milli Sogsvirkjunarinnar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti - en að tilskyldu samþykki gjaldeyris- og innflutningsnefndar - að A/S.Höjgaard & Schultz megi kaupa allt að 200 þús. ísl. krónur, sem danskt firma á hjer í banka, en A/S H.& S. álíta að virkjun Sogsins muni kosta fjelagið umrædda upphæð umfram það, sem í upphafi var áætlað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti VII, með húseign fyrir kr. 10.000.oo. Forkaupsrjetti hafnað.

4. Samþ. að leyfa Daníel Kristinssyni, Bókhl. 9, að byggja hlöðu og geymsluhús úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl.XVII.

5. Magnús Guðmundsson skipasmiður kvartar yfir því , að hús sem Slippfjelagið ætlar að byggja á lóð sinni girði fyrir akveg að dráttarbraut hans. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Beiðni Kristjáns Guðmundssonar, Grett. 71, um erfðafestuland í Fossvogi vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

7. Lagt fram brjef frá Atla Eiríkssyni, Hringbraut 76, viðvíkjandi skaðabótum vegna þess að hann var sviftur leigurjetti að lóðinni Hringbraut 78.

8. Samþ. að kaupa fyrir fasteignamatsverð spildu af lóðinni Njálsgötu 18 undir Bjarnarstíg.

9. Kreppulánasjóður býður forkaupsrjett að íbúðarhúsinu Sólbakki með afnotarjetti af ca. 1000 ferm. lóð úr erfðafestulandinu Laugamýrarbl. IX.
   Bæjarráð telur að slík sala lóðar eða lóðarrjettinda úr erfðafestulandi sje með öllu óheimil.

10. Samþ. að gefa Helgu Nielsdóttur kost á lóðinni nr. 78 við Hringbraut, enda setji hún fullnægjandi tryggingu fyrir því, að hún byggi hús á lóðinni nú þegar og ábyrgist bæjarsjóði skað-lausa greiðslu þeirra bóta,sem kunna að verða dæmdar eða samið um við Atla Eiríksson.

11. Lagðar fram tillögur bæjarverkfræðings um barnaleikvelli í bænum. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta endurbæta leikvellina á Útnorðurvelli , við Freyjugötu og við franskaSpítalann og hefja leikvallargerð í Norðurmýri norðan Njálsgötu. Ennfremur leigja fyrir leiksvæði hluta af Landakotstúni.

12. Ákveðið að nota sundlaug Austurbæjarskólans fyrir kennslulaug frá Sundhöllinni nú í sumar ef þörf krefur, en leigja hana ekki einstökum mönnum sem að undanförnu.

13. Lagt fram brjef frá Helga Sigurðssyni verkfr. með tillögum um breytingu á reglum og gjaldskrá Hitaveitunnar.

14. Samþ. að leigja hestamannafjel. Fákur sömu beitarlönd ( Geldinga-

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nes, Breiðholts- og Ártúnsgirðingar) sem fjelagið hefir leigt undanfarið fyrir 500 kr. ársleigu. Samþ. með 3:1 atkv.. Synjað beiðni fjelagsins um að felldar verði úr eftirstöðvum kr. 300.oo sem fjelagið skuldar frá fyrra ári.

15. Bakarameistarafjel. Reykjavíkur æskir þess, að fyrirhuguð breyting á lokunartíma sölubúða verði ekki látin ná til brauð- og kökubúða.

16. Dýrleif Tómasdóttir, Lvg. 46, óskar þess að fá að hafa veitingar í tjaldi við sjóbaðstað í Skerjafirði næsta sumar.

17. Samþ. að taka boði frá Köbenhavns Magistrat um að Reykjavíkurbær sendi fulltrúa á fund bæjarstjórna í höfuðborgum Norðurlanda, sem verður haldinn í Kaupmannahöfn 22.-24. júní n.k.
Ákveðið að biðja forseta bæjarstjórnar að mæta á fundinum f.h. bæjarins.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson. Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð.

Ár 1937, föstudaginn 23. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þormóðsstaðabl. með húseigninni Brú fyrir 35 þús. krónur. Hafnað.
2. Samþ. að leyfa Halldóri Eyþórssyni, Grund við Langholtsveg, að byggja hænsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Laugarásbletti XIX.
3. Lagt fram tilboð Kristmundar Guðmundssonar um sölu á erfðafestulandinu Bústaðabletti XIV með húseign. Hafnað.
4. Samþ. að taka tilboði Landmannahrepps um að greiða 200 kr. skv. úrskurði 22. maí 1936 um meðlag með syni Jóns Jónssonar, sem er látinn, gegn fullnaðarkvittun.
5. Fiskimálanefnd fer fram á að fá leigulaust til 10 ára allt að 4 ha. land undir fisktrönur. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
6. Vegna breikkunar Túngötu var samþ. að taka húseignina nr. 27 við Bræðraborgarstíg með lóð eignarnámi og fá eignina metna í því skyni.
7. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra að Reglugerð fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Reglugerð fyrir Sogsvirkjunina og Reglugerð um reikningshald Sogsvirkjunarinnar. Samþ. að leita umsagnar verkfræðinganna Berdal og Nissens í Oslo um frumvörpin.
8. Íbúar húsa við Vífilsgötu (áður C-götu) fara þess á leit að gatan verði lögð eða lagfærð. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
9. Borgarstjóra heimilað með 3:1 atkv. að taka Vatnsmýrarbl. V úr leigu að öllu eða einhverju leyti í því skyni að þar verði gerður flugvöllur. Að öðru leyti var erindi Flugmálafjelags Íslands um aðstoð við flugvallargerð vísað til borgarstjóra til athugunar.
10. Guðm. Ásbjörnssyni og Jóni A. Pjeturssyni falið að úthluta leigulóðum á Melunum sunnan Hringbrautar með bæjarverkfræðingi.
11. Lagt fram brjef frá Verzlunarmannafjelaginu þar sem farið er fram á að breytingar verði gerðar á búðarlokunarreglugerðinni, þess efnis að búðum verði lokað fyr daglega en nú gildir.
12. Lagt fram brjef Starfsmannafjelags Reykjavíkurbæjar með tillögum um sumarfrí fastra starfsmanna bæjarins. Ákveðið að fá skýrslur frá stofnunum bæjarins um hversu hagar um sumarfrí starfsmanna nú.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfsemi í marz og reikningur skrifstofunnar.
14. Lagt fram brjef Sigvalda Sveinbjarnarsonar þar sem hann æskir aðstoðar bæjarsjóðs til kaupa á vjelbáti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.
Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 16. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1.. Samþ. að gefa Einvarði Hallvarðssyni kost á leigulóðinni nr. 34 við Sólvallagötu. L. Kaaber hefir afsalað leigurjetti að lóðinni.

2. Samþ.að heimila rafmagnsstjóra að leigja Lyffræðingafjelagi Íslands ca. 1 ha. lands úr landareign Elliðavatns, til þess að reisa þar sumarbústað. Ársleiga verði 75 kr. fyrst um sinn.

3. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að ráðstafa veiðirjettindum fyrir landi Úlfljótsvatns í Efra-Sogi.

4. Bæjarráð óskar ekki að svo stöddu að festa kaup á Hábæ við Grettisgötu með þeim kjörum, sem eigandinn hefir boðið.

5. Samþ. að endurveita Fjelagi íslenzkra flugmanna 1000 kr. til umbóta á flugvelli, enda fái fjelagið leyfi leigjanda Vatnsmýrarbletts V til aðgerða á blettinum bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

6. Samþ. að veita Búnaðarsambandi Kjalarnesþings 300 kr. styrk á árinu.

7. Bæjarverkfræðingi falið að setja reglur um notkun og umgengni leigugarðanna.

8. Lögð fram ályktun sem samþ. var á aðalfundi Þingstúku Reykjavíkur 4. þ.m. viðvíkjandi veitingaleyfum og eftirliti með veitingastöðum.í bænum.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 15. þ.m.

10. Bæjarráð vill ekki verða við beiðni Lestrarfjelags Kvenna um að fjelagið haldi styrk, sem því var veittur á fjárhagsáætlun, þó að barnalesstofa fjelagsins verði lögð niður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson. Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, þriðjudaginn 13. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. <u>Útsvarsmál:</u>

Bjarni Halldórsson, Berg. 51, Pjetur Guðmundsson, Njálsg. 80, Guðm. Sveinsson, Bárug. 17, Guðmundína Guttormsdóttir, Ásv. 22, Kristján Benediktsson, Berg. 51, Sigursteinn Engilberts, Njg. 42, Elías S. Lyngdal, Frakk. 16, Magnús Jónssons, Vatnsstíg 10 A, Guðni Kristjánsson, Bakkastíg 10, Vigfus Kristjánsson, Njg. 26, Guðm. Benediktsson, Óð. 18, Árni Erasmusson, Grett. 44 A, Árni Jónsson, Nýl. 21, Daníel Fjeldsted og frú.

2. Samþ. að taka úr erfðafestuleigu af Vatnsmýrarbl. I lóð undir háskólabyggingu niður að fyrirhugaðri framlengingu Tjarnargötu svo og lóð undir vegarstæðið, alls ca. 3.04 ha. samkv. bráðabirgðamælingu. Endurkaupsverð greiðist eftir mati svo sem segir í erfðafestuskilmálunum og var borgarstjóra falið að fá útnefnda matsmenn er meti landverð og andvirði mannvirkja sem leyfð hafa verið á landinu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. — Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson. — Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 9. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXII með húsi fyrir 16000 kr. Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XI fyrir kr. 2000.-. Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabl. XI með mannvirkjum fyrir kr. 2700.oo . Hafnað.
4. Lagt fram brjef frá Útvegsbanka Íslands h/f. viðvíkjandi forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum við Garða á Grímsstaðaholti.
5. Lagt fram brjef frá formanni raforkumálanefndar, dags. 8. þ.m., þar sem spurst er fyrir um hvort bæjarsjóður eða Sogsvirkjunin muni telja fært að leggja háspennulínu nú í sumar frá aðalskiftistöðinni við Elliðaárnar til Hafnarfjarðar, svo og umsögn rafmagnsstjóra um erindið. Rafmagnsstjóra falið að halda áfram samningaumleitunum við rjetta aðila.
6. Samþ. að áfrýja til hæstarjettar dómi bæjarþings Reykjavíkur 14. jan. síðastl. í máli Kristínar Egilsdóttur gegn borgarstjóra fyrir hönd bæjarsjóðs.
7. La gt fram brjef frá Óskari B. Vilhjálmssyni garðyrkjufræðingi viðvíkjandi sauðfjárhaldi í bænum.
8. Lagt fram brjef frá þremur aðstoðarsóturum, dags. 3. þ.m., þar sem þeir fara fram á að verða skipaðir fastir starfsmenn, en til vara að kjör þeirra verði bætt nokkuð.
9. Brunaverðir ítreka beiðni sína um launahækkun.
Jón A. Pjetursson lagði til að bæjarstjórn yrði við beiðni brunavarðanna um að fá sömu launakjör og lögregluþjónar hafa nú eftir samþykkt bæjarstjórnar 4. febr. síðastl. Ákveðið að ráða málinu ekki til lykta á þessum fundi.
10. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið æskir þess, að bæjarstjórn skipi geldingamenn húsdýra samkv. lögum nr. 123/1935 og ákveði þeim þóknun.
11. Rakel P. Þorleifsson, Blátúni, sækir um 300 kr. styrk til eflingar matjurta-og trjáræktunarstarfsemi sinnar.
12. Rætt um mjólkur og matargjafir í /skólunum. Lögð fram brjef frá Verkamannafjelaginu Dagsbrún, Mæðrastyrksnefndinni og Mæðrafjelagi þar sem skorað er á bæjarstjórn að halda þeirri starfsemi áfram nú í vor. Ákveðið að halda áfram mjólkur og lýsisgjöfum fyrst um sinn.
Tillögu Jóns A. Pjeturssonar um að hefja matgjafir að nýju og halda þeim út aprílmánuð, vísað til borgarstjóra með 3:2 atkv.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 8. þ.m.
14. Lagðar fram umsóknir um leigulóðir í Norðurmýri. Bæjarverkfræðingi falið að úthluta lóðunum.
15. Erindi Frímanns Einarssonar um leigu á jarðnæði á jörðinni Ingólfshvoll í Ölfusi vísað til framfærslu~~xxxxxxx~~nefndar.
1 6. Ákveðið að taka leigurjett að lóðinni nr. 78 við Hringbraut a f Atla Eiríkssyni.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Oddsson.
Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Eiríksson.
Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 2. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráðið samþ. fyrir sitt leyti að Sigurgeir Friðriksson megi byggja fjós, hlöðu og geymslu úr timbri og torfi á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. VIII, enda verði byggingin rifin bæjarsjóði að kostnaðarlausu er krafist verður.
2. Samþ. að leyfa Guðmundi Nikulássyni, Þórsg. 27, að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVI.
3. Synjað beiðni Ágústs Ármanns um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. VI, þar sem íbúðarhús er fyrir á landinu.
4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XVIII með Haukalandi fyrir kr. 20,000.- . Hafnað.
5. Útvegsbanki Íslands h/f. hefir með afsali, dags. 23. f.m. selt Erlendi Sigurðssyni fasteignina Garða á Grímsstaðaholti með eignarlandi og erfðafestulöndum og öllum mnannvirkjum fyrir kr. 29,500.- en með í kaupverðinu er andvirði flæðiengis í Skorradalshreppi.
   Bæjarráðið ákveður að neyta forkaupsrjettar að erfðafestulöndunum með mannvirkjum sem á þeim eru fyrir kaupverð samkv. afsalinu.
6. Pjetur Lárusson, Sólvallagötu 25, býður bæjarsjóði til kaups lóðarspildu úr Melbl. I, vestan Hofsvallagötu . Hafnað.
7. Flugmálafjelag Íslands sækir um styrk til þess að gera umbætur á flugvelli í Vatnsmýrinni og reisa þar flugskýli. Samþ. að benda fjelaginu á, að landið sem um er að ræða sje leigt öðrum, en málinu frestað að öðru leyti.
8. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 1. þ.m. viðvíkjandi sundæfingum lögregluþjóna. Falið borgarstjóra til athugunar.
9. Lögð fram skýrsla bókavarðar Bæjarbókasafnsins um starfsemi safnsins árið 1936.
10. Synjað erindi Árna G. Eylands um að bæjarsjóður endurgreiði honum kostnað við skolpræsi og vatnsleiðslu framan við hús hans við Hringbraut.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 1. þ.m.
12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starf skrifstofunnar í febr. svo og reikningur yfir kostnaðinn.
13. Synjað erindi Lárusar Jóhannessonar um að bæjarsjóður greiði kostnað af máli Kristjáns Bergssonar við bæjarsjóð.
14. Lagt fram brjef frá Köbenhavns Magistrat, dags. 11. f.m., þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur er boðið að senda fulltrúa á þing bæja- og sveitastjórna Norðurlanda í Kaupmannahöfn 22.-24. júní næstk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

---

Ár 1937, föstudaginn 19. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Skafti Sigþórsson sækir um erfðafestuland í nánd við bæinn.
Synjað eins og sakir standa.

2. Lögð fram beiðni Böðvars Bjarnasonar, Þverv. 38, um lóð undir timburhús í nánd við Vatnsgeyminn eða Eskihlíðina.
Synjað.

3. Lögð fram fyrirspurn um hvort leyft muni verða að hafa silfurrefabú á Þormóðsstaðabletti. Ákveðið að leita umsagnar heilbrigðisnefndar.

4. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Sogamýrarbletti X X XXVI fyrir 9000 krónur. Hafnað.

5. Fiskimatsmenn hjer í bænum skora á bæjarstjórn að koma í veg fyrir að saltfiskur verði fluttur úr bænum til verkunar annarsstaðar á landinu.

6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 18. þ.m.

7. Bæjarráð samþ. með 2:1 atkv. að una við yfirmat á endurkaupsverði fyrir erfðafestulandið Norðurmýrarblett I, dags. 26. nóvbr. 1936.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. — Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson. — Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, þriðjudaginn 16. marz , kl. 5 e.h. , hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXX fyrir kr. 8000.oo. Hafnað.

2. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að leggja megi 0.5 metra breiða skák af lóðinni nr. 30 við Sólvallagötu við lóðina nr. 32 við sömu götu. Leigjandi lóðarinnar Sólvallagötu 30 hefir samþykkt þessa breytingu á lóðarmörkunum.

3. Lagt fram brjef frá Helgu Nielsdóttur viðvíkjandi leigumála um lóðina Hringbraut 78, sem Atla Eiríkssyni var gefinn kostur á af bæjarráðinu 5. þ.m.
Jón A. Pjetursson bar fram svohljóðandi tillögu :

> Þar sem upplýst er að Helga Nielsdóttir ætlar að byrja á byggingu smábarnaheimilis á lóðinni nr. 78 við Hringbraut strax og veður leyfir, samþykkir bæjarráðið að leigja Helgu lóðina, enda greiði hún kostnað sem af því kann að leiða fyrir bæjarsjóð.

Tillagan var felld.

4. Samþ. að gefa Diðrik Helgasyni kost á leigulóðunum 44 og 46 við Sellandsstíg, sem Ingólfur Guðmundsson afsalar sjer. Ætlar Diðrik að byggja geymsluhús fyrir sjávarafurðir á lóðunum svo og lóðinni nr. 48 við sömu götu.

5. Nokkrir búendur á Seltjarnarnesi beiðast þess að bætt verði úr vatnsskorti sem nú er í húsum þeirra með því að lögð verði víðari æð en nú er fram í Kaplaskjól. Bæjarráð vill ekki verða við beiðninni.

6. Beiðni Eggerts Grímssonar, Smiðsnesi, um vinnu við götuhreinsun eða þ.h. vísað til Ráðningarstofunnar.

7. Ákveðið að ráða fyrst um sinn starfsfólk við Sundhöllina sem hjer segir :
Við afgreiðslu og vörslu :

Jónas Halldórsson, Amt. 5
Pjetur Eiríksson, Hverf. 46
Björn H. Björnsson, Ljósv. 32
Hermann Hermannsson, Freyjug. 24
Sighvatur Jónsson, Berg. 56
Magnús Thorberg, Lauf. 24
Ásta Skagan, Öld. 59
Valgerður Árnadóttir, Hverf. 30
Sigrún Magnúsdóttir, Lind. 18
Valborg Guðjónsdóttir, Óð. 10
Sigrún Daníelsdóttir, Þing. 21
Svanhvít Jóhannesdóttir, Þorsg. 19
Jóhanna Guðmundsdóttir, Njálsgötu 4 a
Ásta Hannesdóttir, Barónsstíg 57.

Sundkennarar:

Sigríður Sigurjónsdóttir, Lauf. 14
Jón Pálsson, Sjólandi v/. Kleppsveg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við Þvottahús:

Una Þorsteinsdóttir, Ás. 1

Til aðstoðar:

Skúli Árnason, Grett. 2

Forstöðumanni falið að ráðaaðstoðarfólk til bráðabirgða eftir því, sem nauðsynlegt kann að vera.
Sömuleiðis var forstöðumanni falið að gera stundarskrá fyrir Sundhöllina.

8. Lagt fram og samþykkt frv. að svari til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins við fyrirspurn þess um tillögur bæjarstjórnar viðvíkjandi tekjum bæjar- og sveitarfjelaga.
Borgarstjóra falin afgreiðsla málsins.
Jón A. Pjetursson óskar tekið fram að hann sje ósamþykkur ýmsum atriðum í frv.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

År 1937, föstudaginn 5. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Atla Eiríkssyni, Hringbraut 76, kost á leigulóðinni nr. 76 við Hringbraut, sem verði tekin af Helgu Nielsdóttur, enda hefir hún ekki reist hús á lóðinni, sem henni var þó gefinn kostur á 24. marz 1934. Hinn nýi leigjandi greiði hæfilegt verð fyrir mannvirki ( grunngröft) , sem Helga kann að hafa gert á lóðinni.

2. Lagt fram brjef Jónasar Hvannberg o. fl. húseigenda við Hólatorg, sem beiðast þess að fá keyptar lóðarspildur við torgið. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.

3. Sveinn Jónsson, Baugsvegi 25, biður um meðmæli með því að hann fái veitingaleyfi.

4. Friðsteinn Jónsson, Ljósvallagötu 14, beiðist meðmæla með því að hann fai veitingaleyfi. Samþykkt að mæla með beiðninni.

5. Synjað erindi Magnúsa Skaftfjelds um eftirgjöf á gjaldi fyrir bifreiðastæði í Veltusundi.

6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 4. þ.m.

7. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemi í janúar.

8. Samþ. með 3:1 atkv. að greiða afgreiðslufólki, klefa- bað- og laugavörðum Sundhallarinnar 200 kr. á mánuði karlmönnum og 150 kr. konum.
Samþ. að ákveða laun sundkennara með hliðsjón af launum fimleikakennara í barnaskólum.

Fleira gerðist ekki .

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 26. febrúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Páll Magnússon sækir um leyfi til þess að byggja fjós og hlöðu á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. VII. Synjað.

2. Samþ. að Kristjana Blöndal og Ásta Þorsteinsdóttir megi halda lóðunum nr. 167 og 169 við Hringbraut, enda verði hafist handa um byggingar á lóðunum fyrir 14. maí n.k., ella leigist lóðirnar öðrum án frekari fyrirvara.

3. Erindi Sveins Benediktssonar um að fá leigðan veiðirjett fyrir Úlfljótslandi ( Bráttarhlíð ) vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

4. Lögð fram umsögn Helga Sigurðssonar verkfræðings um erindi íbúa við Laugarásveg um að vatnsæð verði lögð í veginn. Ákvörðun frestað.

5. Að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa var synjað beiðni Torfa Guðbjörnssonar, Laugavegi 98 o.fl. um bætur vegna tjóns er þeir segja að orðið hafi af völdum vatns úr klóaki í kjöllurum í húsum þeirra á síðastl. hausti.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mánagötu 17 ( áður D-götu 17) við Johann Hafliðason, Freyjugötu 45.

7. Borgarstjóra falið til athugunar erindi Verkstjórafjelags Reykjavíkur um að Reykjavíkurbær semji við fjelagið um ýms atriði viðvíkjandi kjörum verkstjóra.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 25. þ.m.

9. Lögð fram áætlun um kostnað við rekstur Vinnumiðlunarskrifstofunnar árið 1937 með skýrslu um starfsemina árið 1936.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pjetursson.

Stefán Joh. Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 19. febrúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Erindi Árna G. Eylands um endurgreiðslu fyrir holræsi í Hringbraut, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
2. Erindi Torfa Guðbjörnssonar, Laug. 98,o.fl. um bætur fyrir spjöll vegna skolps er runnið hefir í kjallara húsa þeirra, vísað til heilbrigðisfulltrúa til umsagnar.
3. Húseigendur við Laugarásveg fara fram á að vatnsæð verði lögð í veginn. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
4. Samþ. að gera samning um leigulóðina nr. 30 við Sólvallagötu við Matthías Einarsson lækni.
5. Jón Bergsson býður forkaupsrjett að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXI, sem selja á fyrir 6000 kr. Forkaupsrjetti hafnað.
6. Samþ. að leyfa Birni Ágústi Guðmundssyni að byggja járnvarið geymsluhús úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti VII.
7. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefnda r 17 þ.m.
8. Lögð fram skýrsla Heimilisiðnaðarfjelags Íslands um saumanámskeið fjelagsins hjer í bænum haustið 1936.
9. Lagðar fram tillögur Óskars B. Vilhjálmssonar garðyrkjuráðunauts um garðyrkjunámskeið fyrir skólabörn. Vísað til fræðsluráðs.
10. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 15. þ.m., þar sem hann tilkynnir að klæðskeravinnustofa sú, sem tekið hefir að sjer að sjá lögreglunni fyrir fatnaði, hafi vanrækt skuldbindingar sínar. Vísað til borgarstjóra.
11. Samþ. að taka tilboði Þorsteins Einarssonar, Holtsgötu 37, um viðbyggingu við Sundlaugarnar og breytingar fyrir kr. 10700.--.
12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 18. þ.m.
13. Lagðar fram ályktanir fundar í K.R. húsinu 14. þ.m. um atvinnuleysið.
14. Lögð fram tillaga Jóns A. Pjeturssonar sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 18. þ.m. viðvíkjandi útsvarsmálum. Bæjarráð samþykkir tillöguna.
15. Bæjarráð neitar að greiða reikning frá Sjúkrahúsi Hvítabandsins yfir legukostnað Jóns Zophoniassonar frá Korpúlfsstöðum í júlímánuði síðastl.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar fyrir janúarmánuð ásamt reikningi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 12. febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að svifta Eirík Helgason löggildingu sem rafvirkja fyrst um sinn.
2. Forkaupsrjetti hafnað að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. VII, sem á að selja fyrir kr. 27000.-.
3. Lagt fram frumvarp að samningi við barnavinafjel. Sumargjöf um Grundarblett. Frumvarpið samþ. með 3:2 atkv.
4. Samþ. að Skipulagssjóður kaupi 83 ferm. spildu af lóðinni nr. 44 við Ránargötu undir framlengingu götunnar, fyrir fasteignamatsverð.
5. Eftir tillögu gasstöðvarstjórans var samþ. með 3:2 atkv. að hækka verð á koksi upp í 56 kr. smálestina.
6. Lögð fram beiðni Guðvarðs Vilmundssonar ofl. um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir kaupverði m.b. Víkings eða annars vjelbáts.
Samþ. að leita umsagnar Hafsteins Bergþórssonar um erindið.
7. Lagt fram erindi stjórnar Golfklúbbs Íslands, dags. 3. þ.m., þar sem ítrekuð er beiðni fjelagsins um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 30 þús króna láni til framkvæmda við golfvöll fjelagsins, og gegn auknum skuldbindingum stjórnarinnar. Samþ. með 4:1 atkv. að mæla með erindinu.
8. Brunaverðir æskja þess að launakjör þeirra verði framvegis, sem undanfarið, hin sömu sem laun lögregluþjóna.
9. Lagt fram brejf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. þ.m., viðvíkjandi sauðfjárböðunum.
Samþ. að benda á Sigurð Gíslason lögregluþjón sem kláðaeftirlitsmann hjer í Reykjavík.
10. Lögð fram skýrsla Óskars B. Vilhjálmssonar um utanför hans.
11. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. þ.m. um framlög úr ríkissjóði til atvinnubóta 1936.
12. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 11. þ.m.
13. Lögð fram umsögn gasstöðvarstjórans um erindi nokkurra starfsmanna um bætt launakjör. Falið borgarstjóra til frekari athugunar.
14. Samþ. tillögur forstjóra Sundhallarinnar um kaup á hátalara og magnara til notkunar í Sundhöllinni í sambandi við ríkisútvarpið.
15. Eftir tillögum heilbrigðisnefndar á fundi 11. þ.m. var veitingastaður samþykktur á Hverfisgötu 34.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1937, föstudaginn 5. febr. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðsins, Guðmundur Ásbjörnson varaformaður og Stefán Jóh. Stefánsson ritari.

2. Samþ. að gefa L. Kaaber bankastjóra kost á leigulóðinni Sólvallagötu 34, sem Ingvar Vilhjálmsson hefir afsalað sér tilkalli til.

3. Hafnað forkaupsrétti að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXVII ásamt húseigninni Álfabrekku. Söluverð er kr. 29.000.-

4. Lögð fram beiðni Þorleifs H. Eyjólfssonar um að hann megi halda til hausts lóðunum nr. 106 og 108 við Njálsgötu, án þess að byrja á byggingu íbúðarhúsa.

5. Samþ. frumv. að lóðarleigusamningi við Magús Bjarnason og Berg Arnbjarnarson um lóðarspildu við Kalkofnsveg.

6. Samþ. að leigja Guðmundi Sigurðssyni Fuglhúsum við Sundlaugaveg lóð undir íbúðarhús eftir útvísun bæjarverkfræðings, enda falli jafnframt úr gildi lóðarleigusamningur við Guðmund dags. 28. jan. 1936.

7. Lagt fram bréf lögreglustjórans í Reykjavík dags. í dag um námskeið fyrir hina nýráðnu lögregluþjóna bæjarins. Falið borgarstjóra til athugunar.

8. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Kvenfélagasambandinu verði leyfð afnot skólaeldhúss Miðbæjarskólans til matreiðslukennslu.

9. Hafnað tilboði Sæmundar Stefánssonar um sölu á bifreið..

10. Tilkynnt að samkv. skilagrein frá Kreppulánasjóði sveitar- og bæjarfélaga hafi bæjarsjóði borist í skuldabréfum kr. 152.387.90 sem fullnaðargreiðsla á skuldum 65 hreppsfélaga, er námu alls kr. 353.637.51.

11. Lagður fram efnahagsreikningur Sjúkrasjóðs Hins ísl. Kvenfélags hinn 31. desbr. 1936.

12. Lagt fram bréf frá A.S. Höjgaard & Schultz Kaupmannahöfn dags. 20. f.m. viðvíkjandi kröfu firmans um aukagreiðslu vegna hækkandi kaups iðnaðarmanna.

13. Lögð fram tillaga Einars Olgeirssonar sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

14. Lagt fram bréf Lestrafélags Kvenna viðvíkjandi barnalesstofu félagsins.

15. Lagt fram bréf baðhúsvarðar viðvíkjandi endurbótum á baðhúsinu. Vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Eiríksson.

Jakob Möller. Jón Axel Pétursson. Stefán Jóh. Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 29. jan., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Synjað beiðni frá Magnúsi Bjarnasyni og Bergi Arinbjarnarsyni um að lengja leigutíma um lóð undir bifreiðastæði við Kalkofnsveg upp í 10 ár.
2. Beiðni frá Guðmundi Sigurðssyni um leyfi til að láta hús standa á Álfheimastöðvarlóðinni í eitt ár vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
3. Synjað beiðni frá Ólafi Th. Guðmundssyni um bætur vegna skaða, sem hann hefir orðið fyrir vegna gjaldþrots Flugfjelagsins.
4. Samþ. að telja húsnæði í húsinu nr. 16 við Vesturgötu fullnægjandi til veitingasölu.
5. Lögð fram beiðni frá Elíasi S. Lyngdal um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi.
6. Samþ. að leyfa Íþróttasambandi Íslands að hafa sundsýningu í Sundlaugunum þann 31. þ.m. kl. 2, endurgjaldslaust.
7. Lögð fram fundarályktun fulltrúafundar út af borgfirzku sauðfjárpestinni.
8. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra viðvíkjandi sandtöku í landi Syðri-Brúar. Bæjarráðið er samþykkt áliti rafmagnsstjóra.
9. Beiðni frá Sigurði Jóni Guðmundssyni um greiðslu á eftirstöðvum af skuldabrjefi, sem bæjarsjóður er í ábyrgð fyrir vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
10. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um störf hennar í desember.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
12. Lagður fram reikningur yfir kostnað við rekstur vinnumiðlunarskrifstofunnar í des.
13. Samþ. með 3:1 atkv. að leyfa barnavinafjelaginu Sumargjöf að nota rústir barnaheimilisins Vorblómið, enda verði væntanlegt hús, sem reist yrði á rústunum, tekið burtu bænum að kostnaðarlausu þegar bæjarráð krefst þess.
14. Lagðar fram tillögur um endurbætur á byggingum við Sundlaugarnar. Hafa tillögurnar verið bornar undir sundkennara við laugarnar og stjórn Í.S.Í., sem eru samþykkir breytingunum.- Áætlaður kostnaður er 13 þús. kr.
   Fellt með 2:2 atkv. að bjóða verkið út.
   Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að sjá um framkvæmd verksins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 22. janúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 1o.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að leyfa Þórði Guðmundssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXII.

2. Synjað beiðni frá Bótólfi Sveinssyni um leyfi til að láta bráðabirgðaskúr á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti XXII standa áfram.

3. Beiðni frá Byggingafjelagi Alþýðu um lóðir undir væntanlegar byggingar fjelagsins vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Lagt fram brjef frá atvinnumálaráðuneytinu, þar sem heitið er 150 þús kr. framlagi úr ríkissjóði til atvinnubóta í bænum, gegn tvöföldu framlagi úr bæjarsjóði, en ráðuneytið áskilur sjer rjett til þess að láta vinna að framkvæmdum fyrir ríkissjóð fyrir jafnháa upphæð og þessu framlagi hans nemur.

5. Lagt fram brjef frá atvinnumálaráðuneytinu, þar sem heitið er 13 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði til atvinnubóta og fræðslu handa ungum mönnum í bænum, gegn jafnháu framlagi úr bæjarsjóði, enda hafi ráðuneytið rjett til þess að láta vinna að framkvæmdum fyrir ríkissjóð fyrir jafnháa upphæð og þessu framlagi hans nemur. Ákveðið að fara þess á leit við ráðuneytið, að aðeins verði unnið að framkvæmdum fyrir ríkissjóð fyrir helming þess fjár, sem eftir verður þegar væntanlegur kostnaður við fræðslu unglinganna hefir verið greiddur.

6. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

7. Samþ. að gera tilboð um kaup á Njarðarstöðinni, með tilheyrandi eignarlóð, sem er eign Útvegsbankans, fyrir 145 þús krónur.

8. Samþ. að taka tilboði um kaup á slímsugu í Sundhöllina fyrir kr. 2100 .oo.

Fleira ekki gert .

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. | Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson. | Stefán Joh. Stefánsson

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1937, föstudaginn 15. janúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að leyfa Páli Erlingssyni, Hringsjá við Sundlaugaveg, að breyta útihúsi á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XI í íbúðarhús, enda hlýti hann um byggingar á landinu skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.

2. Samþ. að selja H. Biering lóðina nr. 108 við Hringbraut skv. gildandi samþ. um sölu lóða til íbúðarhúsabygginga.

3. Samþ. að gefa Bergi Arnbjarnarsyni og Magnúsi Bjarnasyni kost á lóð fyrir bifreiðastæði við Kalkofnsveg, ca. 400 ferm. að stærð, eftir útvísun bæjarverkfræðings og ef samningar takast um leigumála.
Jafnframt samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti að menn þessir setji á stofn bifreiðaafgreiðslu neðst í Arnarhólstúni á lóð ríkissjóðs og framangreindri lóðarspildu bæjarins, enda verði lóðin, sem ætluð er undir bifreiðastæði ,lagfærð eftir fyrirsögn bæjarverkfræðings. Bæjarráð setur ennfremur það skilyrði að þeir,sem á þessum stað reka bifreiðaafgreiðslu taki við bifreiðum til afgreiðslu eftir því sem rúm leyfir og gegn sanngjarnri greiðslu.
Bæjarverkfræðingi falið að gera tillögu að samning við þá Berg og Magnús.

4. Synjað beiðni um að gera leigusamning um lóð sem húsið nr. 4 við Þrastargötu stendur á.

5. Bæjarráð telur ekki fært að leyfa sundsýningar í Sundhöllinni fyr en hún hefir verið opnuð fyrir almenning.

6. Skátafjelagið Væringjar beiðast aðstoðar bæjarráðs um útvegun húsnæðis til flokkaæfinga.

7. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 31. desember 1936, þar sem vakið er athygli á lögum nr. 78, 23. júní 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sem gengu í gildi 1. þ.m.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 14. þ.m.

9. Samþ. að taka tilboði um smíði á skápum o.fl. í Sundhöllina frá lægstbjóðanda Friðriki Þorsteinssyni, Skólavörðustíg 12.

10. Samþ. að heimila bæjarverkfræðingi að leigja Georg Jónssyni Skildinganesi ca. 28 ha. beitarland í Nauthólsvíkurlandi til árs fyrir 300 kr. enda kosti hann girðingar að öllu leyti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1937, föstudaginn 8. janúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kirkjumýrarbl. IX með húseigninni Brúnstaðir. Söluverð kr. 12000.-.

2. Synjað beiðni Jóns P. Dungal um að framlengja um 6 ár leigutíma á leigulandi hans í Krossamýri.

3. Lögð fram yfirmatsgerð á spildu úr Hofstúni.

4. Lagt fram brjef frá A/S. Höjgaard & Schultz, Ljósafossi, viðvíkjandi greiðslu fyrir sand og möl sem tekið er til Sogsvirkjunarinnar úr landi jarðarinnar Syðri-Brú.

5. Að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samþykkti bæjarráð húsnæði á Laugavegi 81 til veitingasölu.

6. Lagt fram brjef frá Golfklúbbi Íslands, dags. 6. þ.m. þar sem farið er fram á að bæjarstjórn taki ábyrgð á 30 þús. króna láni, sem fjelagið ætlar að taka til starfsemi sinnar. Vísað til bæjarstjórnar.

7. Synjað beiðni knattspyrnufjel. Fram um styrk úr bæjarsjóði til þess að hafa skautasvell á Austurvelli.

8. Lögð fram skýrsla Lúðrasveitar Reykjavíkur um hvar og hvenær sveitin hafi haldið hljómleika fyrir almenning á síðastl. ári.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 7. þ.m.

10. Katrín Thoroddsen læknir býður ljóslækningatæki til sölu.

11. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 28. f.m. viðvíkjandi kostnaði við atvinnubætur, öðrum en vinnulaunum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavikur